

Bliki

3

NÓVEMBER 1984

TÍMARIT UM FUGLA



BLIKI er gefinn út af dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands í samvinnu við Fuglaverndarfélag Íslands og áhugamenn um fugla. Birtar verða greinar eða skýrslur um íslenska fugla, svo og smærri pistlar um ýmislegt er þeim viðkemur.

Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með gíróseðli. Þeir sem þessa óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fengið ritið við útgáfu.

Ritnefnd Blika skipa: Ævar Petersen (formaður), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson og Kjartan Magnússon.

Afgreiðsla ritsins er á Náttúrufræðistofnun Íslands, Laugavegi 105, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. Sími (91)-29822.

Greinar, sem óskast birtar, sendist formanni ritnefndar á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjaldslaust, ef þeir óska.

BLIKI is published by the Icelandic Museum of Natural History, Department of Zoology, in cooperation with the Icelandic Society for the Protection of Birds and bird observers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries in English are provided.

The bulletin appears at least once a year. Each issue is priced separately, hence there are no annual subscriptions. Those wishing to receive future issues of the bulletin, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice or postal giro (account no. 29822-0).

Editorial board: Ævar Petersen (chairman), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, and Kjartan Magnússon.

All enquiries, including potential contributions, should be submitted to the chairman, at the Icelandic Museum of Natural History, PO Box 5320, 125 Reykjavík, Iceland. Offers of exchange of bird journals, will be considered.

Ábyrgðarmaður: Ævar Petersen.

Setning: BLIKI.

Spaltagerð: Prentsmiðjan Oddi hf.

Umbrot: BLIKI/Prentþjónustan hf.

Filmugerð: Prentþjónustan hf.

Prentun: Guðjónó hf.

Bókband: Bókfell hf.

Letur: 16, 12, 10, 9 og 8 pt. Times.

Pappír: 115/250 g Iconofix Matt.

© 1985 BLIKI

Forsíðumynd:

Snjótittlingur

í Æðey í Ísafjarðardjúpi,

karlfugl í sumarbúningi.

Ljósm. Ralph S. Palmer

Frá ritnefnd

Þetta þriðja hefti BLIKA inniheldur efni af ýmsu tagi. Skýrsla um sjaldgæfa fugla 1982 er þar mest áberandi. Ekki verður hjá því komist að setja ársskýrslu 1983 í næsta hefti til þess að vinna upp þann drátt, sem orðið hefur á útgáfu þessara skýrslna. Vonandi geta þeir sem ekki hafa sérstakan áhuga á sjaldséðum fuglum umborið það. Af öðru efni má nefna grein um fugla á Hornströndum eftir sænskan jarðfræðing, áhugamann um fugla. Grein Finns Guðmundssonar er nokkuð sérstæð. Hún er birt að honum látnum, en um 40 ár eru liðin frá því að greinin var rituð. Þá er grein um lúsflugur, sem gráhegri bar til landsins, en þær eru sníkjudýr á fuglum og spendýrum.

Forsíðumynd að þessu sinni er eftir bandarískan fuglafræðing, sem oft hefur komið hingað til lands. Hann er góður myndasmiður og hefur sent Náttúrufræðistofnun Íslands margar myndir sem hann hefur veitt leyfi til að birta. Honum eru færðar þakkir fyrir. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. hefur sem fyrir veitt af rausn aðgang að tölvu án endurgjalds.

Í öðru hefti BLIKA var ymprað á því, að þriðja heftið kæmi e.t.v. út á útmánuðum síðastliðins vetrar. Því miður tókst það ekki. Efnisskortir var eigi um að kenna, heldur því að í mörg horn var að líta við útgáfuna. Í upphafi var reyndar gert ráð fyrir því, að BLIKI

kæmi óreglulega út og því valinn sá kostur að tölusetja heftin í hlaupandi númeraröð, fremur en að tölusetja árganga.

Svo virðist sem lesendur BLIKA séu yfirleitt ánægðir með ritið. Fáar óánægjuraddir hafa heyrst og aðeins tveir áskrifendur sagt ritinu upp. Að sjálfsögðu má lengi fara eitt og annað til betri vegar, og ávallt eru skiptar skoðanir um hvers konar efni skuli leggja mesta áherslu á. Kvartað hefur verið undan of mörgum dagsetningum og öðrum nákvæmum upplýsingum í sumum greinanna. Það leiðir hugann að því, hvers konar rit BLIKI eigi að vera. Ætlunin var að birta einkum nýtt efni um fugla á Íslandi fremur en þýtt og endursagt efni. Ýmsar almennar upplýsingar hafa vissulega verið fléttaðar inn í greinarnar lesendum til fróðleiks. Þess hefur verið óskað, að birtar verði greinar sem kynna einstakar fuglategundir og að lesendum verði kennt að greina fugla. Ekki er lokað fyrir það skotið, að almennar fróðleiksgreinar verði birtar þótt síðar verði. Megináhersla verður sem fyrr þó lögð á að koma á framfæri nýjum upplýsingum. Það var þörfin fyrir slíkt rit sem hleypti BLIKA af stokkunum. Ritnefndinni væri mikill akkur í því, ef lesendur létu í sér heyra um efni þessara fyrstu hefta. Væri þá bæði fróðlegt að heyra hvað menn eru ánægðir með og hvers þeir sakna.

Fuglaathuganir á Hornströndum sumurin 1982 og 1983

Athuganir þær sem þessi grein byggist á, voru gerðar samtímis rannsóknum á jarðfræði Hornstranda. Rannsóknirnar fóru fram 17.–24. júlí 1982 á Aðalvíkur - Rekavíkur svæðinu og voru unnar af höfundu og Hreggviði Norðdahl. Unnið var á svæðinu Hælavík - Hlöðuvík dagana 15.–23. júlí 1983, en þá tóku þátt Ólafur Ingólfsson og höfundur (sjá 1. mynd).

Á leið til og frá Hornströndum sigldum við undan fuglabjörgunum í Rit, Hælavíkurbjargi og Hornbjargi, en engar skipulegar athuganir voru gerðar þar. Hér verður því aðeins lítillaga fjallað um svartfugla, ritu og fyl sem eru mjög algengar tegundir í þessum björgum. Þessi fuglabjörg eru með þeim stærstu í Evrópu (sjá Þorstein Einarsson 1979). Á svæði því sem athuganir ná til verpa fylar á mörgum fleiri stöðum en þessum. Þær fuglabyggðir eru margar hverjar mjög stórar, en litlar athuganir voru gerðar á þeim. Greinin fjallar því aðeins að litlum hluta um hina dæmigerðu sjófugla.

Landslag og gróður


Hornstrandir eru blágrýtisháslétta, sundurskorin af jökulsorfrum fjörðum og víkum með dölum, skálum og hvilftum (sjá t.d. Leif Símonarson 1979). Á vesturhluta svæðisins er hið forna yfirborð landsins, flatt og víðáttumikið, nú í um 400 m hæð yfir sjávarmáli. Lengra til norðurs og austurs er landið mun skornara, og þar rísa tindar í allt að 700 m hæð. Vestan til á svæðinu er talsvert undirlendi út til sjávarins fremst í dölunum, en í minna mæli á svæðinu norðanverðu. Þarna eru jöklar nær hornfir. Þó

má finna nokkra smájökla í fjöllum sunnan Hlöðuvíkur og Hornvíkur, mót norðri í um 600 m hæð. Þessir jöklar voru mun stærri fyrr á sögulegum tíma (Hjort, Ólafur Ingólfsson og Hreggviður Norðdahl, í undirbúningi).

Hásléttan er gróðurlítill. Rétt neðan efstu brúna og á lágun hryggjum milli dala er dæmigerður háfjallagróður. Neðar í dölunum, sérstaklega út til stranda, eru gróskumiklar grasbrekkur þaktar blómplöntum, eins og blágresi *Geranium silvaticum* og brennisólei *Ranunculus acris*. Þarna eru og all-víðáttumiklar mýrar vaxnar grösom og störum. Á mörgum stöðum eru stórar breiður af brönugrösom, aðallega friggjargras *Plantanthera hyperborea* og krækjurót *Coeloglossum viride*, svo og lokasjóðsbróðir *Bartsia alpina*. Votlendissvæðin í dölunum bera enn merki um búsetu manna, en hætt var að beita búfénaði og heyja á þessu svæði um 1950. Krækjótt birkir *Betula pubescens* og víðir *Salix* er að nema land á ný en mjög hægt. Hins vegar hafa brönugrösin og aðrar blómplöntur potið upp þessi 30 ár sem engin beit hefur verið. Kringum cyðibýlin eru áberandi mikil þykkni af hvönn *Angelica archangelica*, og er stundum erfiðleikum bundið að troðast í gegnum hana (sjá 2. mynd). Hvannstöðið er helsta kjörlendi skógarþratarins sem verpur hér og þar á Hornströndum. Gróðurfari Hornstranda er lýst nánar í ritgerðum Ingólfs Davíðssonar (1937), Áskels Löve (1948) og Eyþórs Einarssonar (1975).

Athuganir

Niðurstöður athuganna eru dregnar saman í Töflu 1, en þar eru upplýsingar



1.mynd. Kort af Hornströndum með helstu örnefnum sem nefnd eru í greininni. Teiknað eftir 1:100,000 korti Landmælinga Íslands. – *A topographical map of Hornstrandir, with inset map of Iceland showing location of study area. The more important place names used in text, are given. Based on a 1:100,000 map from the Geodætic Survey of Iceland.*

um fjölda og dreifingu fuglategundanna. Nokkur örnefni sem nefnd eru í greininni eru ekki sýnd á 1. mynd, en vísað er í Hornstrandakort Landmælinga Íslands (1:100.000) frá 1982 hvað þeim viðvíkur. Nákvæmum dagsetningum er sleppt, nema þar sem þær eru taldar skipta máli.

Himbrimi *Gavia immer*. Eitt par sást á Staðarvatni og eitt á Rekavíkuvatni 1982, en hvorki fannst hreiður né saust neindir ungar. Stakur fugl sást á sjó undan Rit 17. júlí, og 3 á flugi til austurs yfir Látrum 23. júlí 1982.


Lómur *Gavia stellata*. Eitt par nálægt Sæbóli og annað á tjörn í Miðvík 1982. Þá var einn fugl á Rekavíkurvatni 22. júlí 1982 og par í Hilðuvík 1983. Hreiður eða ungar fundust ekki.

Fýll *Fulmarus glacialis* er algengur varp-
fugl, ekki aðeins í fuglabjörgum í Rit.

Hælavíkurbjargi og Hornbjargi, heldur einnig í flestum fjöllum sem rísa gegn opnu hafi. Smábyggðir, stundum fáein þór, eru annars staðar, jafnvel nokkra kílómetra inn til landsins.

Súla Sula bassana. Þessi tegund varp við Hælavíkurbjarg á öldinni sem leið (Ævar Petersen 1982 (ath. villa í texta, stendur Hornbjarg)). Við urðum sjaldan varir við súlur. Stakur fullorðinn fugl sást á Hælavík 22. júlí 1983. Varð hann fyrir áreitni svartbaks sem á hinn bóginn varð fyrir áreitni skúms. Færri en 5 ung- ar súlur sáust á sjó, þegar við vorum á leið til og frá Hornströndum, bæði árin meðtalin.

Álft *Cygnus cygnus* er töluvert algengur fugl á Hornströndum, einkum vestanverðum (3. mynd). Þör með unga sáust á eftirtöldum stöðum á Aðalvíkursvæðinu sumarið 1982: Með 3 unga á Staðarvatni, með 2 unga í Hraunkolladal (sem



2.mynd. Eyðibýlið Neðri-Miðvík í Aðalvík 20. júlí 1982. Hvannastóðið er til komið vegna mjög aukins magns af fosfór. Kjörlandi skógarþrastar er í hvönninni, og maríuerlur verpa í rústunum. – The houses of the abandoned farm of Neðri-Miðvík in the Aðalvík area on 20 July 1982. Due to locally increased phosphate content of the soil around the houses, these are surrounded with a dense thicket of angelica. This forms a preferred breeding habitat for Redwings, while White Wagtails nest in the ruins. Ljós. Christian Hjort.

er upp af Hesteyri), með 2 unga í Miðvíkurdal suðaustanverðum, með 2 unga í vesturhluta Miðvíkurdals, með 1 unga á Álfvatni í Bjarnadal (austan Látra), en við Hálsavatn, nærri Látrum, var full-orðinn fugl á hreiðri með ungum þann 22. júlí. Sumarið 1983 var eitt par með 3 unga í Hælavík. Alls eru þetta 7 örugg varppör, en að auki rákumst við á 5 pör án unga á Aðalvíkursvæðinu 1982 og eitt í Hlöðuvík 1983. Þá sáust 14 álfdir í hóp í Aðalvík 1982. Líklegt er, að okkur hafi yfirsést nokkur pör. Fuglarnir halda oft til í dalbotnum, þar sem landið er mis-hæðótt og þar kunna fleiri fuglar að hafa leynst.

Fjarlægð á milli varppara var 2-3 km (eða jafnvel meiri), og má segja, að á þessu svæði sé fremur þétt varp álfra. Mesti þéttleikinn var í Miðvík inn af

Aðalvík. Þar eru u.þ.b. 8 ferkílómetrar kjörlandis fyrir álfdir, og þar var að meðaltali 0,5 álfdir á km²: 2 örugg varppör, eitt líklegt varppar og eitt svæðisbundið par sem ekki var verpandi. Þetta er svipaður þéttleiki og Bulstrode ofl. (1973) fundu, eða um 0,6-0,9 pör/km² í miðhálandi Íslands. Okkar niðurstöður gefa þó mun lægri tölu en á Arnarvatnsheiði. Gögn Kinlens (1963) gefa til kynna u.þ.b. 1 par/km², en þetta er reiknað út frá a.m.k. 40 varppörum á 15 fermílna svæði. Þar að auki voru þar um 400 geldálfdir!

Heiðagæs *Anser brachyrhynchus*. Einn fugl sást í Hlöðuvík 20. júlí 1983. Var hann í fjaðrafelli eða særður, þannig að hann var ófleygur.

Tafla 1. Samandregnar niðurstöður athugana í Aðalvík/Rekavík 1982 og í Hælavík/Hlöðuvík 1983. Sumra tegundanna er ekki getið frekar í texta. Taflan er einungis byggð á eigin athugunum. – *Summary of observations made in the Aðalvík/Rekavík area 1982 and in the Hælavík/Hlöðuvík area 1983. Some of the species listed here are not further commented upon in text. The information on the status of the birds is based entirely on our own observations.*

Tegund/species	Aðalvík/Rekavík	Hælavík/Hlöðuvík
Himbrimi <i>Gavia immer</i>	+b	-
Lómur <i>G. stellata</i>	+b	+b
Fýll <i>Fulmarus glacialis</i>	BB	BB
Súla <i>Sula bassana</i>	+	+
Álft <i>Cygnus cygnus</i>	BB	B
Heiðagæs <i>Anser brachyrhynchus</i>	-	+
Stökkönd <i>Anas platyrhynchos</i>	+	+
Skúfönd <i>Aythya fuligula</i>	+b	-
Duggönd <i>A. marila</i>	+b	-
Æðarfugl <i>Somateria mollissima</i>	BB	BB
Æðarkóngur <i>S. spectabilis</i>	-	+
Straumönd <i>Histrionicus histrionicus</i>	++	++
Hávella <i>Clangula hyemalis</i>	+	-
Toppönd <i>Mergus serrator</i>	B	-
Rjúpa <i>Lagopus mutus</i>	+	+
Tjaldur <i>Haematopus ostralegus</i>	+	+
Sandlóa <i>Charadrius hiaticula</i>	+b	-
Heiðlóa <i>Pluvialis apricaria</i>	++bb	++bb
Tildra <i>Arenaria interpres</i>	+	-
Lóupræll <i>Calidris alpina</i>	++b	-
Rauðbrystingur <i>C. canutus</i>	+	-
Sanderla <i>C. alba</i>	+	-
Sendlingur <i>C. maritima</i>	++b	++B
Óðinshani <i>Phalaropus lobatus</i>	++B	++B
Stelkur <i>Tringa totanus</i>	++bb	+
Spói <i>Numenius phaeopus</i>	++bb	+
Hrossagaukur <i>Gallinago gallinago</i>	++bb	+b
Skúmur <i>Stercorarius skua</i>	-	+
Kjóli <i>S. parasiticus</i>	++b	++
Hettumáfur <i>Larus ridibundus</i>	+	+
Silfurmafur <i>L. argentatus</i>	+	-
Svarfbakur <i>L. marinus</i>	++b	++B
Hvítmafur <i>L. hyperboreus</i>	++b	++b
Ríta <i>Rissa tridactyla</i>	BB	BB
Ísmáfur <i>Pagophila eburnea</i>	+	-
Kría <i>Sterna paradisaea</i>	++B	+
Álka <i>Alca torda</i>	BB	BB
Langvía <i>Uria aalge</i>	BB	BB
Stuttnefja <i>U. lomvia</i>	BB	BB
Lundi <i>Fratercula arctica</i>	++b	+b
Teista <i>Cephus grylle</i>	BB	BB
Mariuerla <i>Motacilla alba</i>	B	B
Þúfatittlingur <i>Anthus pratensis</i>	BB	BB
Steindepill <i>Oenanthe oenanthe</i>	++B	++b
Skógarþröstur <i>Turdus iliacus</i>	++B	+
Hrafn <i>Corvus corax</i>	+b	+
Snjóttittlingur <i>Plectrophenax nivalis</i>	BB	BB

Táknin í töflunni þýða/symbols used: + séður/observed, ++ margir séðir/many observed, b líklega varpfugl/probably breeding, bb líklega algengur varpfugl/probably common breeder, B varp staðfest/breeding proved, BB varp staðfest, algengur varpfugl/breeding proved, common breeder, - engin athugun/no observation.



3. mynd. Dreifing álfta á athuganasvæðinu, sem var norðan og vestan breiðu brotalínunnar. Punktarnir tákna pör með hreiður eða unga, hálfyfylltur hringur par sem ekkert er frekar vitað um en hringirnir staðbundin pör sem ekki voru með hreiður eða unga (sjá nánar í texta). Tölurnar sýna fjölda óparaðra fugla. Landslagið er sýnt með 100 m hæðarlínunum, land yfir 400 m er skyggt en stærri vötn eru sýnd með mjóum brotalínum (sbr. 1. mynd). – A map showing the occurrence of Whooper Swans within the study area (north and west of the thick dashed line). Filled circles indicate pairs with nest or young, the half-filled circle a pair of uncertain status, and circles stationary pairs without nest or young. The figures show numbers of evidently unpaired birds. The topography is indicated by the 100 m contour line, by the shaded areas lying above 400 m, and by the larger lakes which are indicated by thin dashed lines (cf. Fig. 1).

Stökkönd *Anas platyrhynchos*. Einn blíki sást við Sæból 18. júlí en 2 fuglar af hvoru kyni voru í Rekavík 22. júlí 1982. Þá var eitt par í Hlöðuvík 20. júlí 1983.

Skúfönd *Aythya fuligula*. Eitt par sást á lítilli tjörn milli Pverdals og Hraunkolludals 20. júlí 1982.

Duggönd *Aythya marila*. Einn kvenfugl í Rekavík 22. júlí 1982 og 3 blíkar á Álftavatni í Bjarnadal (austan Látra) daginn eftir.

Æðarfugl *Somateria mollissima* er mjög algengur á Hornströndum. Kolluhópar með fjölda unga voru alls staðar þar sem

við komum. Parna voru og stórir felli-hópar. Til dæmis saúst daglega 200-300 fuglar á hvoru svæði, Hælavík og Hlöðuvík 1983, og hafa verið þar a.m.k. 500 fuglar alls.

Æðarkóngur *Somateria spectabilis*. Tveir fullorðnir æðarkóngar, karlfuglar, saúst á flugi yfir Hælavík 22. júlí 1983.

Straumönd *Histrionicus histrionicus*. Árið 1982 saúst alls 45 blíkar á Rekavík 22. júlí, en á Hælavík og Hlöðuvík 1983 voru a.m.k. 5 blíkar og 8 kollur. Allir þessir fuglar voru á sjónum og við saúm engin merki um varp. Ef til vill verpa straumendur á athuganasvæðinu, ekki

síst í ljósi þess að Glue (1970) sá 4 varppör sunnarlega á Jökulfjörðum. Þar voru fuglarnir töluvert hátt yfir sjó (200-300 m).

Hávella *Clangula hyemalis*. Sást aðeins einu sinni, stök kolla á sjónum undan Látrum 21. júlí 1982.

Toppönd *Mergus serrator*. Eitt par við Sæból 1982, og sama ár voru 4 blikar og ein kolla með 3 unga í Rekavík.

Rjúpa *Lagopus mutus*. Einn kvenfugl sást nærri Rekavíkuvatni 22. júlí 1982. Rjúpusaur fannst á tveim stöðum: Í skarðinu milli Þverdals og Miðvíkur 1982 og í skarðinu milli Hælavíkur og Hlöðuvíkur 1983.

Tjaldur *Haematopus ostralegus*. Færri en 10 fuglar á Aðalvíkursvæðinu 1982. Stakur fugl í Hælavík 21. júlí 1983.

Sandlóa *Charadrius hiaticula* varp líklega á melum umhverfis Staðarvatn í Aðalvík 1982.

Heiðlóa *Pluvialis apricaria*. Algengur varpfugl alls staðar, þó fálíðaðri á Hælavíkur - Hlöðuvíkur svæðinu. Hópur um 50 fugla var við Látra 22. júlí 1982.

Tildra *Arenaria interpres*. Tveir fuglar, líklega farfuglar að hvíla sig, við Sæból í Aðalvík 17. júlí 1982. Þann 22. júlí sama ár sáust 37 fuglar í Rekavík og hófu þeir sig til flugs í suðvesturátt.

Lóupræll *Calidris alpina* er algengur á mýrunum í Aðalvík, sérstaklega við Sæból, Staðarvatn og Látra, og urpu þar greinilega. Lóuprælar (1-3 fuglar) voru hér og þar í Aðalvíkurfjörum, sumir þeirra e.t.v. grænlenkir að uppruna. Til dæmis sáust fjórir lóuprælar og fjórir rauðbrystingar á flugi til suðvesturs yfir Látrum 21. júlí 1982. Lóuprælar sáust ekki árið 1983 í Hælavík og Hlöðuvík.

Rauðbrystingur *Calidris canutus*. Tveir fuglar voru í fjöru við Sæból 17. og 18. júlí 1982. Auk þess sáust þrír fuglar á flugi til suðvesturs yfir Látrum 21. júlí sama ár.

Sanderla *Calidris alba*. Ein í fjörunni við Sæból 18. júlí 1982.

Sendlingur *Calidris maritima*. Einn fugl sást hegða sér þannig fyrir framan ref *Alopex lagopus*, að greinilegt var að hann átti egg eða unga. Þetta var í Hælavík 18. júlí 1983. Sendlingar sáust einnig efst í Þverdal í Aðalvík 1982, og hafa þeir líklega orpið þar. Stakir fuglar eða smáhópar (með allt að 10 fuglum) voru algengir í fjörunum á öllu athuganasvæðinu.

Óðinshani *Phalaropus lobatus* er algengur varpfugl í mýrum á athuganasvæðinu. Ungar sem fundust við Látra 21. júlí 1982 voru um tveggja daga gamlir og einn ungi, u.þ.b. vikugamall, í Hælavík 19. júlí 1983. Þar fannst einnig hreiður með fjórum eggjum sama dag.

Smáhópar óðinshana sáust víðast hvar með ströndum, þar sem þeir voru í fæðuleit innan um fljótandi þang. Hópar með um 10 fuglum sáust í Aðalvík og Hælavík, einnig 18 fuglar saman í Aðalvík 23. júlí 1983. Langstærsti hópurinn, a.m.k. 200 fuglar, sást í Rekavík 22. júlí 1982. Um 5% af þessum fuglum virtust vera komnir í fullan vetrarbúning.

Stelkur *Tringa totanus*. Algengur fugl í Aðalvík, og var greinilegt að stelkar urpu víða 1982. Aðeins 3 fuglar sáust 1983, 2 í Hlöðuvík 20. júlí og einn í Hælavík 21. júlí.

Spói *Numenius phaeopus*. Algengur í Aðalvík og varp þar víða 1982. Hins vegar sást aðeins einn fugl 1983 í Hlöðuvík (20. júlí).

Hrossagaukur *Gallinago gallinago*. Eins og stelkur og spói var hrossagaukurinn algengur í Aðalvík 1982. Aðeins einn hneggjandi fugl sást í Hlöðuvík 1983 (20. júlí).

Skúmur *Stercorarius skua*. Einn á Hlöðuvík 21. júlí 1983. Daginn eftir sást einn á Hælavík, c.t.v. sami fuglinn.

Kjóí *Stercorarius parasiticus*. Kjóar sáust á hverjum degi í Aðalvík 1982 og í Hælavík og Hlöðuvík 1983, en þó voru engin merki um varp. Geldfuglar, 3-8 saman, sáust á nokkrum stöðum og voru dökkir kjóar í meiri hluta.

Hettumáfur *Larus ridibundus*. Alls sáust 16 fullorðnir fuglar í Rekavík 22. júlí 1982, og einn fullorðinn fugl í Hlöðuvík 20. júlí 1983.

Silfurmáfur *Larus argentatus*. Tveir fullorðnir fuglar sáust í Aðalvík 1982. Við sáum enga silfurmáfa 1983, ef undan er skilinn líklegur kynblendingur silfurmáfs og hvítmáfs sem sást í Hlöðuvík 20. júlí 1983. Þetta var fullvaxinn fugl með dauða gráa bletti fremst á ystu handflug-fjöðrunum.

Svartbakur *Larus marinus* var algengur á öllu svæðinu og líklegt er, að hann verpi hér og þar. Þar sem við vorum seint á ferð, var ekki hægt að sanna varp nema á einum stað. Þetta var á dranga, sem er milli Hælavíkur og Hlöðuvíkur, og voru þar um 10 pör.

Hvítmáfur *Larus hyperboreus* var algengur um allt, en engin merki um varp fundust.

Rita *Rissa tridactyla* er mjög algeng í Ritnum, og Hælavíkur- og Hornbjargi. Nokkur smávörp eru á öðrum stöðum.

Ísmáfur *Pagophila eburnea*. Einn fugl sást um 200 m undan Látrum 21. júlí

1982. Þar sem horft var mót sólu, gæti hafa verið um að ræða hvort sem er ungan eða fullorðinn fugl. Þetta var eftir þriggja daga stöðuga vestanátt, og á sama tíma sást í ísröndina á Grænlandshafi af hæstu fjöllum.

Krífa *Sterna paradisaea* er fremur algeng í Aðalvík en sjaldséðari í Hælavík og Hlöðuvík. Nokkur pör urpu 1982 við flugbrautina hjá Látrum. Einnig urpu um 5 pör við Álftavatn í Bjarnadal, austan Látra, í um 250 m hæð yfir sjó (sjá 4. mynd).

Álka *Alca torda* er víða, en greinilega mun fátíðari en langvía og stuttnefja.

Langvía *Uria aalge* og stuttnefja *Uria lomvia*. Mjög algengar í Rit, Hælavíkurbjargi og Hornbjargi. Langvían var mun algengari um miðbik bjarganna og á sjónum neðan þeirra. Stuttnefjan var aftur á móti algengari ofarlega í björgunum og í útköntum. Greinilegt var, að stuttnefjur sóttu æti mun lengra út en langvíurnar (sbr. Þorstein Einarsson 1979).

Lundi *Fratercula arctica* var mun algengari kringum Rit en norðanvert á svæðinu. Við sáum t.d. engin merki um varp ofarlega í Hælavíkurbjargi vestanverðu, þrátt fyrir að þar séu grasigrónar brekkur sem virðast henta lundum. Ef til vill er þetta vegna stöðugs ágangs refa á þessum slóðum.

Teista *Cephus grylle* var víða.

Mariuerla *Motacilla alba* er fremur algeng, sérstaklega í kringum eyðibýlin.

Þúfuttillingur *Anthus pratensis* og steindepill *Oenanthe oenanthe* —. Sjá Töflu 1.

Skógarpröstur *Turdus iliacus* er talsvert algengur í Aðalvík, einkum í hvönninni




4. mynd. Álftavatn ofarlega í Bjarnadal. Þetta vatn er 6 kílómetra austan Látra í um 250 m hæð yfir sjó. Myndin er tekin 23. júlí 1982, en þá var eitt álftapar með einn unga á vatninu og 3 duggandarblíkar. Um 5 krúpör urpu einnig við vatnið. – *The upper part of Bjarnadalur with the lake Álftavatn, located 6 km east of Látrar, at ca 250 m a.s.l. The lake is called "Swan Lake". When the picture was taken, on 23 July 1982, one pair of Whooper Swans with one young was present and 3 male Scaup. About 5 pairs of Arctic Terns nested by the lake.* Ljós. Christian Hjort.

sem er mjög stórvaxin umhverfis eyðibýlin (sjá Glue 1970). Auk þess sást einn þröstur syngjandi í hvönn rétt ofan við fjörुकambinn í Rekavík. Aðeins einn fugl sást 1983, og var sá syngjandi við húsin í Hlöðuvík 21. júlí.

Hrafn *Corvus corax* og snjóttittlingur *Plectrophenax nivalis* –. Sjá Töflu 1.

Nokkur munur er á gróðurfari milli svæða á Hornströndum. Gróðurfar er fábreyttara og blómgum seinni á nyrðri svæðunum (Hlöðuvík, Hælavík) en í Aðalvík (sbr. Eypór Einarsson 1975). Einnig má greina mun á fuglalífinu. Sumir fuglar, til dæmis stelkur og spói, eru algengir í Aðalvík en sjaldgæfari í

nyrðri víkunum. Mýrarnar og melarnir, sem eru ofan sandanna við sjávarsíðuna í Aðalvík, eru kjörlandi fyrir vaðfugla (5. mynd). Stelkur, spói, hrossagaukur, óðinshani, heiðlóa, lóupræll og sandlóa sáust á þessum slóðum, flestir þeirra algengir og að öllum líkindum verpandi. 6. mynd er frá Hlöðuvík 1983. Staðháttum svipar til Aðalvíkur, en fáa vaðfugla var að sjá, aðeins stakan stelk, spóa og hrossagauk. Þetta er svipuð niðurstaða og hjá Glue (1970) sem athugaði fuglalíf á suðaustanverðum Hornströndum. Hann bar saman fuglalífið í Furufirði, sem er tiltölulega láglendur, gróðursæll og breiður dalur, við fuglalíf í Hrafnfirði, sem er mun þrengri, liggur hærra yfir sjó og er hrjóstrugri en Furufjörður. Á norðurhluta Hornstranda (Hlöðuvík,



5.mynd. Aðalvík suðvestanverð 18. júlí 1982. Húsin að Sæbóli í baksýn. Pílan sýnir slysavarnarskýlið. Vaðfuglar voru í fæðuöflun í fjörunni, bæði varpfuglar og fargestir frá norðlægari slóðum. Mýrar og melarimar ofan fjörunnar er gott kjörlendi fyrir verpanði vaðfugla. – *The southeastern part of Aðalvík on 18 July 1982, with the houses at Sæból in the background. The emergency hut, shown on most official maps, is indicated by an arrow. On the beach many waders were foraging, both local birds and arctic migrants. The bogs and the drier ridges, inside the beach zone with its sand dunes, is a good habitat for breeding waders.* Ljós. Christian Hjort.

Hælavík, Hornvík) liggur snjór líklega lengur fram eftir sumri. Þetta hefur án efa sitt að segja varðandi vaðfuglana, sem voru þar í minna mæli. Það verður þó að hafa hugfast, að athuganir okkar stóðu yfir í aðeins um tvær vikur og veðráttan sumarið 1982, þegar við vorum á Aðalvíkursvæðinu, var mun hagstæðari en 1983.

Veðráttan sumarið 1983 kann því að hafa haft áhrif á niðurstöðurnar og ýkt mun á milli svæðanna. Veðrið hefur e.t.v. orðið til þess, að varp misfórst hjá vaðfuglunum og þeir horfið af svæðinu fyrir en ella.

Þakkir

Hreggviði Norðdahl og Ólafi Ingólfsyni eru þakkaðar ánægjulegar samvistir

á Hornströndum. Christine Andreasson er þakkað fyrir að teikna kortin og Ævari Petersen fyrir að þýða greinina á íslensku.

HEIMILDIR

- Agnar Ingólfsson 1982. Máfar, kjóar og skúmar. Bls. 61-76 í Fuglar. Rit Landverndar 8.
- Áskell Löve 1948. Gróður nyrst á Hornströndum. Náttúrufr. 18: 97-112.
- Bulstrode, C.J.K., E.S. Corbett & R.J. Putman 1973. Breeding of Whooper Swans in Iceland. Bird Study 20: 37-40.
- Eypór Einarsson 1975. Gróðurfar á Hornströndum og í Jökulfjörðum. Náttúrufr. 45: 43-52.
- Glue, D. 1970. The bird communities of two contrasting valleys in North-west Iceland. Bird Study 17: 247-259.
- Glue, D. 1972. Observations on the passage of migrant geese and waders in Northwest Iceland. Bird Study 19: 252-254.

- Ingólfur Davíðsson 1937. Gróðurrannsóknir á Hesteyri og í Aðalvík. Náttúrufr. 7: 15-24.
- Kinlen, L. 1963. Ringing Whooper Swans in Iceland 1962. Ann. Report of the Wildfowl Trust 1961-62 : 107-114.
- Leifur A. Símonarson 1979. Jarðfræði Hornstranda og Jökulfjarða. Kaldbakur 6-7: 24-33.
- Þorsteinn Einarsson 1979. Fjöldi langvú og stuttnefju í fuglabjörgum við Ísland. Náttúrufr. 49: 221-228.
- Ævar Petersen 1982. Sjófuglar. Bls. 15-60 í Fuglar. Rit Landverndar 8.

SUMMARY


Bird observations on Hornstrandir (NW. Iceland) 1982 and 1983

This paper contains bird observations made in the Hornstrandir area, northwestern Iceland (Fig. 1), during two short periods in 1982 (17-24 July) and in 1983 (15-23 July).

In 1982 the work was carried out in Aðalvík and Rekavík in the west and in 1983 around Hælavík and Hlöðuvík in the north. The primary (geological) aim of the studies and the rather late time in the summer should be taken into account when the observations are considered. The summer of 1983, when we worked up in the north, was extremely unfavourable (cold, windy and rainy), and that may have contributed somewhat in making the terrestrial bird fauna of the Aðalvík area look very rich in comparison with that of the Hælavík/Hlöðuvík area. But even during more favourable summers such a difference as observed in population density and species composition probable exists, as weather and habitat conditions are generally less favourable in the northern part of Hornstrandir.

Time prevented us from making meaningful observations on the very large bird cliffs in the area - Ritur, Hælavíkurbjarg and Hornbjarg. Thus

6. mynd. Hlöðuvík séð frá norðri 20. júlí 1983. Álfsvell (um 600 m hátt) fyrir miðri myndinni, en örin bendir á slysavarnarskýlið. - *Hlöðuvík seen from the north on 20 July 1983. The almost 600 m high Álfsvell dominates the background, and the emergency hut, is indicated by an arrow.* Ljósm. Christian Hjort.



the species breeding there, and a few more on which we have but little to say, are simply listed.

The landscape of Hornstrandir is characterized by a dissected basalt plateau, with usually rather short, glacially eroded valleys. Especially around Aðalvík in the west, but to some extent also in the north, there are relatively large lowland areas near the coast, with bogs, ponds and lakes, and winding streams. These water-rich, and usually water-rich areas were earlier used for grazing and hay harvesting. Most of the farms were abandoned around 1950, and these areas have now experienced some 30 or more sheep-free years. The colonization by *Salix* and *Betula* bushes has been very slow, but the meadows to-day abound in flowers. For example, there are at least six species of orchids, two of which (*Platanthera hyperborea* and *Coeloglossum viride*) may occur in very dense populations. The vegetation of the higher grounds is typically alpine.

The bird observations in the two sub-areas are summarized in Table 1, simple codes indicating their status. Among the observations may be mentioned particularly: (1) The rather large numbers of Whooper Swans *Cygnus cygnus*. Seven proven breeding pairs were found and another 6 stationary pairs, plus small flocks of unpaired birds (Fig. 3). The population density in the best area, the Miðvík valley by Aðalvík, was c. 0.5 pair/

km². (2) There were fair numbers of Harlequin Ducks *Histrionicus histrionicus* along the coast. There were 45 males in Rekavík on 22 July 1982 and at least 5 males and 8 females in Hælavík/Hlöðuvík 1983, but no evidence of breeding. (3) Good numbers of Red-necked Phalaropes *Phalaropus lobatus* were breeding in the area, and foraging along the coasts. The largest flock was c. 200 birds in Rekavík on 22 July 1982. (4) The Red-shank *Tringa totanus*, Whimbrel *Numenius phaeopus*, Snipe *Gallinago gallinago*, and Redwing *Turdus iliacus* were common around Aðalvík but rare further north. (5) We observed in all 17 Black-headed Gulls *Larus ridibundus*, but only 2 Herring Gulls *Larus argentatus*. (6) High-arctic species were represented by one Ivory Gull *Pagophila eburnea* at Látrar in Aðalvík on 21 July 1982 (after three days of strong westerly winds and with the ice in the East Greenland Current visible from the high plateaux), and by 2 male King Eiders *Somateria spectabilis* in Hælavík on 22 July 1983. A flightless Pink-footed Goose *Anser brachyrhynchus* was at Hlöðuvík on 20 July 1983, and small numbers of Turnstones *Arenaria interpres*, Knots *Calidris canutus* and Sanderling *Calidris alba* on passage at Aðalvík and Rekavík 1982, may also be included in this category.

Christian Hjort, Hessel, Munkarp, S-243 00 Höör, Sverige.

Erling Ólafsson

Gráhegri ber lúsflugur til Íslands

Á lifandi fuglum hér á landi er að finna skordýr af þremur mismunandi hópum. Þeim má skipta í tvennt eftir lífsháttum, naglýs (Mallophaga) sem naga fiður og dautt skinn, og blóðsugur, en það eru flar (Siphonaptera) og lúsflugur. Þær síðastnefndu tilheyra ættbálki tvívængja (Diptera) og mynda eina ætt hans (Hippoboscidae).

Lúsflugur eru blóðsugur á fuglum og spendýrum. Sumar tegundanna eru mjög vandfýsnar og leggjast aðeins á eina eða fáar tegundir dýra. Aðrar eru fjölhæfari og finnast á mörgum tegundum fugla eða spendýra. Lúsflugur af einni og sömu tegund velja ekki jöfnum höndum fugla og spendýr, en eiga það þó til að villast þar á milli.

Af lúsflugum eru þekktar um 10 tegundir í nágrannalöndunum í Evrópu (Theodor & Oldroyd 1965). Aðeins tvær tegundir eru landlægar hér á landi. Önnur þeirra er færilúsín *Melophagus ovinus* L., sem er ófleyg og leggst á sauðfé. Hin tegundin, *Ornithomyia chloropus* (Bergr.) leggst á fugla af mörgum tegundum (sjá Nielsen o.fl. 1954). Hún er fleyg og af mörgum kölluð fuglafluga. Aðrir kalla hana gúmmíflugu, þar sem mjög erfitt er að kremja hana. Þrjár lúsflugutegundir að auki hafa fundist hér á flækingsfuglum á seinni árum.


Hér á eftir fer frásögn af enn einni lúsflugutegundinni sem fannst á gráhegra *Ardea cinerea* hér á landi, en hún ber ferðalagi fuglsins nokkurt vitni.

Gráhegrar eru tíðir og reglulegir gestir á Íslandi. Þeir koma einkum á haustin og þrauka margir þeirra veturinn (Bjarni Sæmundsson 1936). Grunur hefur leikið á, að gráhegrar komi einnig á vorin, en erfitt hefur verið að sannreyna það.

Þann 6. apríl 1984 fréttist af gráhegra í Laugarnesi í Reykjavík. Fjórum dögum síðar (10. apríl) náðist hann, þá illa haldinn, og var færður Náttúrufræðistofnun Íslands, þar sem hann var í haldi um skeið. Fuglinn var magur er hann náðist og auk þess með gamalt fótbrót og ígerð í löpp. Litlar líkur voru á því að hann myndi spjara sig úti í náttúrunni og var því aflífaður 24. apríl. Er fuglinn kólnaði skriðu af honum lúsflugur og náðust þrjár.

Lúsflugurnar þrjár rendust tilheyrta tegund sem ekki hafði fundist hér á landi áður, *Hippobosca equina* L. (1. mynd). Hún leggst fyrst og fremst á hesta og nautgripi, en hefur fundist á fleiri tegundum spendýra. Hún hefur einnig fundist á fuglum, en það virðist heyra til undantekninga. Johnsen (1948) getur hennar af uglutegund og svölguleðu *Milvus milvus*.

Lífshættir lúsflugna eru mjög sérstæðir og ólíkir því sem venjulegt er hjá



1. mynd. Lúsflugan *Hippobosca equina* L., sem fannst á gráhegra í Reykjavík í apríl 1984. – The louse fly *Hippobosca equina* L. collected off a Heron in Reykjavík, April 1984. Ljós. Erling Ólafsson.

tvívængjum. Til dæmis verpa lúsflugur ekki eggjum heldur ganga með í orðanna fyllstu merkingu. Lirfurnar alast upp í móðurkviði, ein í einu. Flugurnar verpa þeim síðan þegar þær eru við það að púpa sig. Ófleygar tegundir, eins og færilúsín, verpa í feld hýsilsins. Fleygar tegundir eins og *H. equina* gera það hins vegar ekki (Colless & McAlpine 1970). Flugurnar þreygja veturinn sem púpur en klekjast er hlýnar að vori. Það fer eftir vorkomunni á hverjum stað hvenær þær klekjast. Johnsen (1948) getur þess, að í Danmörku klekist tegundin *H. equina* ekki fyrr en í júní. Með tilvitnunum í Smart (1939) og Wülker (1925) segir Johnsen, að tegundin klekist í maí í Englandi en í Þýskalandi í apríl.

Ólíklegt er, að þau eintök sem fundust á gráhegranum í Laugarnesi séu af íslenskum uppruna. Jafnvel þótt þessi lúsflugutegund væri til hér á landi er

óhugsandi, að flugurnar færu á stjá fyrir en í júní miðað við klaktíma þeirra í nágrannalöndunum. Það er því ljóst, að gráhegrinn hefur borið flugurnar með sér hingað til lands. Þær hljóta að hafa komið með hegranum sem fullvaxta flugur, þar eð púpurnar finnast ekki á hýslinum eins og áður var getið. Fullvaxta flugur fyrstu dagana í apríl ættu að vera komnar langt sunnan úr löndum, sennilega sunnan Þýskalands og Bretlandseyja.

Gráhegrar sem verpa í norðan- og vestanverðri Evrópu eru aðeins að hluta til farfuglar. Þeir sem yfirgefa varpheimkynnin á haustin fara venjulega ekki mjög langt. Sem dæmi má nefna að um 70% varpfuglanna í Danmörku yfirgefa heimalandið og fara að meðaltali um 920 km suður á bóginn. Flestir hafna í norðanverðu Frakklandi. Nokkrir merktir gráhegrar hafa fundist hér á landi og hafa þeir allir verið af norskum uppruna. Norskir gráhegrar fara einkum til Bretlandseyja á veturna. Breskir fuglar eru hins vegar að mestu staðfuglar, aðeins stöku fuglar fara yfir til Niðurlanda og Frakklands. Flestir hegranna leita aftur norður á bóginn í febrúar og eru komnir á varpstöðvarnar í mars (sbr. Cramp & Simmons 1977).

Gráhegrinn úr Laugarnesi virðist hafa verið á leið norður til varpheimkynna í norðan- eða norðvestanverðri Evrópu eftir vetrardvöl einhvers staðar sunnan Þýskalands eða Niðurlanda. Hann hefur síðan villst af leið og flækst til Íslands. Fuglinn hlýtur að hafa komið þetta vor og sennilega verið nýkominn, úr því að lifandi lúsflugur fylgdu honum.

HEIMILDIR

- Bjarni Sæmundsson 1936. Fuglarnir. Reykjavík.
 Colless, D.H. & D.K. McAlpine 1970. Diptera (Flies). Í: D.F. Waterhouse (ritstj.), The Insects of Australia: 656-740. Melbourne.
 Cramp, S. & K.E.L. Simmons (ritstj.) 1977. The Birds of the Western Palearctic. 1. bindi. Oxford.
 Johnsen, P. 1948. Notes on the Danish Louse-Flies (Diptera: Hippoboscidae). Ent. Meddr. 25: 278-298.
 Nielsen, P., O. Ringdahl & S.L. Tuxen 1954. Diptera 1 (exclusive of Ceratopogonidae and Chironomidae). The Zool. of Icel. 3, Part 48a.
 Smart, J. 1939. British blood-sucking flies. London.
 Theodor, O. & H. Oldroyd 1965. Hippoboscidae. Fam. 65. Í: F. Lindner, Die Fliegen der palaearktischen Region. Stuttgart.
 Wülker, G. 1925. Zur Biologie der Lausfliegen der Vögel und ihres Rolle als Protozoenüberträger. Senckenbergiana 7.

SUMMARY

A Heron carrying louse flies to Iceland

On 6 April 1984 an adult Heron *Ardea cinerea* was observed in Reykjavík, SW. Iceland. The bird was in a bad state when picked up four days later (April 10). The Heron is a common visitor in Iceland in autumn, and many linger on through the winter. Further influx of this species in spring has been suspected but never proven. The present evidence strongly suggests this Heron had newly arrived.

Three specimens of louse flies (Diptera, Hippoboscidae) were collected from the bird, all belonging to the species *Hippobosca equina* L., not previously recorded in Iceland. *H. equina* is a parasite on mammals, but has also been reported on birds. As this species overwinters in the pupal stage away from the host the Heron must have carried the adult flies to Iceland this spring. Flies hatching as early as the beginning of April should come from areas in Europe further south than Britain and Germany (Johnsen 1948).

Erling Ólafsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1982

Árið 1982 bárust óvenju margir flækingsfuglar til landsins. Nefnd þeirri, sem dæmir gildi og ágæti gagnanna, var því mikill vandi á höndum, en hana skipuðu að þessu sinni Árni Waag Hjálmarsson, Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, Hálf dán Björnsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Kjartan Magnússon, Ólafur Karl Nielsen, Skarphéðinn Þórisson og Ævar Petersen. Í nýlegri grein í Náttúrufræðingnum er m.a. fjallað um starfshætti þessarar nefndar og lýst spjöldum til skráningar flækingsfugla (sjá Ævar Petersen 1984).

Svo virðist sem áhugi á fuglum sé að aukast víða um land, en þeim fjölgar með ári hverju, sem senda nefndinni upplýsingar um sjaldgæfa fugla. Alls lögðu um 200 manns fram gögn að þessu sinni.

Enn gengur misvel að heimta fugla-spjöldin frá mönnum. Þótt miklar framfarir hafi orðið í útfyllingu og frágangi þeirra vantar nokkuð á að allir geri það á fullnægjandi hátt. Það eru einkum fjögur atriði, sem ber að nefna í þessu sambandi. (1) Tímasetningar eru oft ónákvæmar, en svo vill verða þegar athugendur skrá ekki hjá sér upplýsingarnar í dagbækur jafnóðum. (2) Staðsetningar eru einnig oft ónákvæmar. Æskilegt væri að láta upplýsingar um staðhætti fylgja. Sjáist fuglar í landi sveitabæja skal þess getið hvar þeir héldu sig, við húsinn, í trjálandi, skurði o.s.frv. Sömu sögu er að segja um þéttbýlissvæði. Þar er einnig rétt að geta um bæjarhluta eða götu, jafnvel húsnúmer. Stundum senda fleiri en einn athugandi inn upplýsingar frá sama stað. Í slíkum tilvikum auðveldast nákvæmar dagsetningar

og staðsetningar þeim störfum sem fá spjöldin til úrvinnslu, t.d. þegar þarf að meta hvort um einn eða fleiri fugla hafi verið að ræða. (3) Oft er erfitt að átta sig á fjölda fugla, ef fleiri en einn fugl sést í nokkurn tíma. Best er að menn skrái hjá sér athuganir hvers dags fyrir sig, í stað þess að reyna að átta sig á hlutunum eftir á. (4) Lýsingar á fuglum vilja gleymast. Ef um algengar og auðgreindar tegundir er að ræða ættu lýsingar að vera óþarfar, en þó sakar ekki að geta í nokkrum orðum mikilvægra greiningareinkenna, sem athugandi hefur séð á viðkomandi fuglum. En varðandi sjaldgæfar tegundir og torgreindar skulu lýsingar vera sem nákvæmastar, bæði á fuglum og atvikum. Fullvíst er að ýmsar gildar athuganir hafa ekki hlotið náð hjá nefndinni fyrirnefndu vegna ófullnægjandi upplýsinga. Sem dæmi má nefna, að keldusvín eru yfirleitt lögð fram án nokkurra lýsinga, og er það miður, því að ýmsum fuglum hefur verið ruglað saman við þau. Sömu sögu er að segja um snæuglur. Þær ættu að vera auðgreindar, en samt eru dæmi þess, að menn hafi greint branduglur sem snæuglur. Lýsing á stærð og lit auk kyngreiningar á snæuglum ætti ekki að vera mönnum ofviða. Þannig mætti lengi telja. Ljósmyndir hafa oft komið að notum við greiningar tegunda, jafnvel lélegar og óbirtingarhæfar myndir. Til glöggvunar er ein slík mynd birt í þessari skýrslu (6. mynd), en hún leiddi til þess, að fugl varð greindur til tegundar löngu eftir að hann sást.

Alls er getið 94 sjaldgæfra tegunda, sem sáust á árinu 1982, en það er sami fjöldi og árið áður. Þess má einnig geta, að 6 tegundir til viðbótar voru lagðar

fram en féllu niður eftir umfjöllun nefndarinnar. Í þessari skýrslu eru nokkrar viðbætur við fyrri skýrslur. Ein tegund, dvergkráka, bætist við árslistann 1980.

Annáll ársins

Hér fer úrdráttur úr tegundaskrá skýrslunnar sem á eftir fylgir. Í skránni er að finna nánari upplýsingar um alla sjaldgæfa fugla sem tilkynnt var um frá árinu 1982.

Sjaldgæfir varpfuglar. Flóastelkur varp aftur í Mývatnssveit, en hann fannst fyrst með unga sumarið 1981 (Galbraith og Thompson 1981). Flóastelkar sáu stöðugt einnig syngjandi í Aðaldal á varptíma. Gráprestir urpu á Akureyri og Kirkjubæjarklaustri. Fleiri fjallafinkur fundust nú með hreiður eða unga en nokkru sinni fyrr, í Reykjavík, Mývatnssveit og á þremur stöðum í Örfæmum (Svínafell, Skaftafelli og Bæjarstaðaskógi). Þá urpu nokkur pör í Neskaupstað. Auk þess varð vart við syngjandi karlfugla víðar. Skutulönd, blesshæna, vepja, hringdúfa, tyrkjadúfa, snæugla, landsvala, bæjasvala og svartpröstur hafa orpið hér á landi og sáu á árinu en ekki varð þess vart, að þær tegundir reyndu varp að þessu sinni. Sömu sögu er að segja um keldusvín.

Vetrargestir eru þeir sem koma hingað að reglubundið á hverju hausti og halda hér til yfir veturinn. Þeir sem fjallað er um í þessari ársskýrslu eru gráhegri, hvinönd, æðarkóngur, fjöruspói og ísmáfur. Í síðustu skýrslu var sefgoði talinn í þessum hópi. Hann var hér reglubundinn vetrargestur um nokkurra ára skeið við Reykjanesskaga. Sefgoðar hafa ekki sést þar síðan 1981 og virðist staða sefgoða sem vetrargests því ótrygg.

Sjaldgæfir fargestir voru sem fyrr ískjóti, fjallkjóti og sportittlingur. Aðeins fáir fuglar þessara tegunda sáu á árinu.

Sumargestur. Gráskrofa náðist við Þríðranga við Vestmannaeyjar í maí.

Deilitegundir. Erlendar deilitegundir af tegundum sem verpa hér á landi voru tvær, þ.e. hvítfálki frá Grænlandi og amcrísk urtönd.

Nýjar tegundir. Árið 1982 fundust tvær nýjar tegundir á Íslandi, músvákur og vatnagleða (sjá Ólaf K. Nielsen 1983 og Hálfdán Björnsson 1983).

Komur flækingsfugla. Hér á eftir verður fjallað um komur flækingsfugla eða hrakningsfugla til landsins árið 1982. Í nokkrum tilvikum er orsakanna leitað.

Flækingsfuglar voru lítt áberandi fyrstu mánuði ársins. Fyrst bar til tíðinda er fjórar vepjur birtust á Heimaey 8. janúar. Þremur dögum síðar voru þær orðnar sex. Viku síðar sáu stöðugt fjórar vepjur í Reykjavík og alls tuttugu á Miðnesi 22. janúar. Einnig sáu stöðugt vepjur á Fagurhólsmýri um svipað leyti. Það er því ljóst að umtalsverður fjöldi hefur komið til landsins.

Af gestum á útmánuðum ber helst að nefna korpönd á Laxárvogi í Kjós, tvo ísmáfa á Húsavík, hagaskvettu á Kvískerjum og söngbröst á Höfn í Hornafirði. Hörputittlingur sást í Reykjavík um miðjan apríl, en það gæti hafa verið sami fugl og sást þar haustið áður.

Allmargir flækingsfuglar komu til landsins um vorið, en flestir þeirra sáu á Suðausturlandi um og eftir miðjan maí. Það voru yfir 20 tegundir. Sumar þeirra eru árvissir vorgestir eða því sem næst, t.d. vepja, dvergmáfur, hringdúfa, mýrsvölungur, landsvala og bæjasvala, en aðrar sjaldséðari, t.d. dvergsvanur, brúnönd, taumönd, hringmáfur, turtildúfa, tyrkjadúfa, gulerla, söngbröstur, laufsöngvari, flekkugrípur, grágrípur, seftittlingur, barrfinka og rósafinka. Músavákur fannst dauður í Sellöndum í júní, en hann hafði augljóslega komið til landsins sem fyrr um vorið (Ólafur K. Nielsen 1983).

Lítið bar á sjaldséðum fuglum um sumarið. Þó var nokkuð um það, að fuglar sem komu að vori sæjust fram á


sumar. Rósamáfur, kolperna og tyrkjadúfa sáust í júní. Í þeim mánuði sást einnig sefsöngvari á Kvískerjum og annar sefsöngvari birtist síðan á Reynivöllum í júlí, og ógreindur *Phylloscopus* söngvari að Hvannstöði. Hinn 21. júlí sást ísmáfur í Aðalvík, en hann er sjaldséður hér að sumarlagi.

Er fór að hausta bar fyrst til tíðinda eftir miðjan ágúst. Þá sáust tveir laufsöngvarar, annar á Heimaey 18. ágúst en hinn í Grindavík um viku síðar. Einnig sást ógreindur lauf- eða gransöngvari á Miðnesi 28. ágúst. Athugun á veðurkortum frá þessum tíma skýrir ekki komu þessara fugla til Íslands. Um viku af september (6.-8.) sáust svo aftur *Phylloscopus* söngvarar á Suðausturlandi (Höfn og Reynivöllum) og a.m.k. sex á Heimaey. Fyrstu daga mánaðarins var rakin vestanátt og litlar líkur á því að fuglarnir hefðu komist til landsins með aðstoð vinda fyrir en 6. september. Þá var 990 mb lægð suður af landinu, skil yfir Bretlandseyjum og SA-vindur yfir Norðursjó, en hann var hægur og því ólíklegur til að hrekja fuglana hingað. Þetta bendir til þess að fuglar sem lenda

í lélegu skyggni og villast láti berast undan vindi þótt hægur sé.

Garðsöngvari settist á bát norður af Ólafsfirði 9. september, en þá var 970 mb lægð skammt suður af landinu og skil yfir Norðursjó. Valskvetta sást fyrst 13. september á Reynivöllum, fimm tveimur dögum síðar, og enn ein á Höfn 18. september. Þrír garðsöngvarar sáust á Suðausturlandi 17.-18. september, grænsöngvari 17. september og tveir söngþrestir 18. september á Suðvesturlandi. Tvær lægðir fóru fyrir sunnan land 12. og 13. september sem báðar ollu SA-átt yfir Bretlandi og Norðursjó. Hugsanlegt er að fuglarnir hafi borist með þeim, einkum þeirri síðari en þá var vindur heldur meiri. Dagana 16.-18. september er hins vegar lægð vestur af landinu með SV-átt fyrir sunnan og suðvestan land.

Hinn 26. september og næstu viku á eftir sáust allmargir flækingsfuglar á sunnanverðu landinu, turtildúfur, turnfálki, a.m.k. 10 garðsöngvarar á Suðvesturlandi, einn á Heimaey og aðrir á Kvískerjum og Höfn, hettusöngvarar sáust mjög víða og oft nokkrir saman (t.d. um 10 að Húsey í Hróarstungu),



1.mynd. Veðurkort frá 17. október 1982. Teiknað eftir *Bulletin Quotidien de Ren-seignements*, 58. árg.

hauksöngvari, laufsöngvarar, vallskvettur, glóbrýstingur, glókollar, hnoðrasöngvari, seftittlingur, bókfinka og fjallafinkur. Um verulega göngu hefur því verið að ræða, en hana má líklega rekja til víðáttumikillar 975 mb lægðar, sem staðnæmdist skammt vestur af Írlandi 24.-26. september. Henni fylgdu skil sem mjökuðust út yfir Norðursjóinn með SA- og A-lægri vindátt. Önnur dýpri lægð fór nokkru norðar 1.-2. október og gæti einnig hafa borið fugla til landsins. Einhverjir ofangreindra fugla sáust fram í fyrrihluta október, en fleiri bættust við eins og krákönd í Vestmannaeyjum 4. október, bláheiðir í Mýrdal 6. október, grálóur 9. og 10. október (Miðnes og Öræfi), foldþröstur á Eiðum 9. október og bláhrafn 8. október í Vestmannaeyjum. Þó er ekki líklegt, að margir fuglar hafi borist til landsins fyrr en til tíðinda dró upp úr miðjum mánuðinum.

Ellis (1983) gerði grein fyrir áhrifum veðurfars á tímabilinu 10.-13. október á farflug fugla frá Rússlandi og Síberíu og óvenjulegum fjölda flækingsfugla sem bárust til Skotlands í kjölfar þess. Þá var hæð yfir NV-Rússlandi og N-Skandinavíu með björtu veðri um vestanvert Rússland. Hún virðist hafa beint farflugi smáfugla til suðvesturs, þar sem þeir lentu í austanvindum, þoku og rigningu, sem lægð yfir Englandi olli. Af þessu leiddi að fuglar bárust til Skotlands í óvenju miklum mæli þess daga, m.a. tugþúsundir glókolla. Aðrir fuglar sem komu þar mjög við sögu voru glóbrýstingar, gráprestir, skógarprestir, hettusöngvarar, gransöngvarar og fjallafinkur. Auk þess komu ýmsar tegundir af austrænum smáfuglum.

Eftir að þessi mikli fjöldi fugla hafði hrakist til Bretlandseyja bárust nokkrar lægðir austur yfir Atlantshaf. Smám saman sameinuðust þær og mynduðu djúpa og víðáttumikla lægð sem færðist hægt til austurs vestur af Skotlandi. Þá streymdi mikill loftmassi frá Bretlandi til Íslands. Þetta ástand ríkti frá 15.-18. október (1. mynd). Þegar 15. október fór afleiðinganna að verða vart hér á landi er branduglur settust á báta við landið (Ævar Petersen 1983). Daginn eftir sást blesshæna við Reykjavík. Frá og með 17. október birtust smáfuglar af ýmsum tegundum á austan- og suð-austanverðu landinu. Það þarf ekki að koma á óvart, að algengustu tegundirnar voru þær sömu og mest bar á í Skotlandi. Þó mætti bæta svartþresti við upptalninguna hér að framan.

Einkennistegund göngunnar í Skotlandi var án efa glókollurinn. Er ekki að efa að nokkuð meira af glókollum hefur komið til Íslands, en upptalningin í tegundaskránni hér á eftir gefur til kynna. Þar er getið a.m.k. 25 fugla. Hér var það hins vegar mikill fjöldi glóbrýstinga sem mesta athygli vakti, en tilkynnt var um nær 100 fugla í öllum landshlutum. Ekki er vitað til þess, að jafn margir glóbrýstingar hafi komið hingað samtímis fyrr og raun varð á haustið 1982.

Þótt glóbrýstingar hafi verið áberandi í þessari göngu þá bar enn meira á hettusöngvurum, en tilkynnt var um a.m.k. 200 fugla. Það telst þó ekki nýlunda, að hettusöngvarar komi hingað í miklum mæli að haustlagi. Þó var fjöldinn óvenju mikill þetta haust. Sömu sögu er að segja af svartþröstum og gráþröstum (þeirra verður getið í næstu ársskýrslu). Nokkuð sást einnig af söngþröstum (um

2.mynd. Yfirlit yfir fimm tegundir flækingsfugla, hvenær þær sáust haustið 1982 og fjölda þeirra. Hver súla sýnir meðalfjölda séðra fugla yfir þriggja daga tímabil. Athygli skal vakin á því, að annar kvarði er notaður fyrir lauf- og gransöngvara en fyrir hinar tegundirnar. – *Histograms which show the occurrence and number of five vagrant bird species in autumn 1982. Each column gives the average number of birds seen over three-day periods. Note the different scale used for the *Phylloscopus* warblers.*

20 fuglar), sem rekja má til þessarar göngu, einnig nokkrir mistilþrestir á Suðaustur- og Austurlandi, en þeir eru annars sjaldséðir hér á landi. Þá var mikið af skógarþröstum hér um þessar mundir, og er ekki ólíklegt að einhverjir þeirra hafi verið af erlendum uppruna. Gransöngvarar komu einnig, en allt að 40 fuglar voru greindir með vissu. Um helmingur þeirra var á Kvískerjum. Töluvert sást af ógreindum söngvurum, sem sennilega voru gransöngvarar. Einnig komu margar fjallafinkur. Alls var tilkynnt um a.m.k. 130 fugla um þessar mundir. Þær sáust einkum um austan- og sunnanvert landið, oft nokkrar eða margar saman. Stærsti hópurinn sást að Svinafelli í Öræfum, 25 fuglar.

Á 2. mynd má sjá komu- og dvalartíma laufsöngvara, gransöngvara, fjallafinka, hettusöngvara og glóbrystinga haustið 1982. Þar sést að laufsöngvarar komu nokkru fyrr en gransöngvarar eða í ágúst og september, en þeir síðarnefndu í október og e.t.v. í nóvember (sjá einnig Hálfdán Björnsson 1979). Hinar þrjár tegundirnar komu mest um og eftir miðjan október, nema hvað nokkuð af hettusöngvurum sást í lok september. Fjallafinkurnar í ágúst gætu verið komnar frá varpstöðvum innanlands.

Fjallafinkurnar sem komu í umtalsverðum fjölda í október hurfu mjög fljótlega. Er ekki ólíklegt að þær hafi yfirgefið landið. Þær eru harðgerðar fræætur og ættu því ekki að hafa drepist. Glóbrystingar og hettusöngvarar eiga þess varla kost að snúa til baka. Þeir týndu fljótlega tölunni, en þó virðist nokkur fjöldi hafa náð að þrauka áfram. Glóbrystingar og hettusöngvarar bjarga sér á fræum þegar annað er ekki að hafa, en þeir fyrrnefndu héldu gjarnan til í gripahúsum yfir veturinn. Gransöngvararnir virðast hins vegar eiga erfiðara uppdráttar hér að vetrarlagi, enda eru þeir algjörar skordýrætur.

Af öðrum tegundum í október komu

færri fuglar. Vatnagleða, turnfálki, vepja, skógarsnípur, vaðlatíta, regngaukur, eyrugla, mýrerla, grásvarri, silkitoppur, húsaskotta, garðaskottur, garðsöngvarar, netlusöngvari og bókfinkur voru þeirra á meðal. Tvær amerískar tegundir eru hér á meðal, vaðlatíta, sem er nær árviss haustgestur hér, og regngaukur sem hins vegar er mjög sjaldséður.

Garðsöngvara er getið frá þessum tíma. Það vekur athygli, að enginn sást á austan- og suðaustanverðu landinu. Þeir sáust aðeins á Reykjanesskaga, rúmlega 10 fuglar á ýmsum stöðum, að undanskildum einum á Mánarbakka á Tjörnesi 21. október. Eins og getið var áður komu garðsöngvarar til landsins seint í september. Hugsanlegt er, að engir hafi komið í október-göngunni, og að fuglarnir á Reykjanesi væru þangað komnir frá öðrum landshlutum.

Í nóvember sáust nokkrar tegundir til viðbótar. Ekkert verður um það fullyrt, hvort þeir fuglar hafi komið í október eða síðar. Þó má líklegt telja að einhverjir þeirra hafi komið í fyrrihluta nóvember, en tegundir eins og sönglævirki og straumerla sjást að öllu jöfnu ekki fyrr en í þeim mánuði. Sama er að segja um dvergsnípu. Bláhrafnar og dvergkrákur fóru að sjást er vika var liðin af mánuðinum. Það verður þó ekki séð af veðurkortum, að vindar hafi hrakið fugla hingað á þessum tíma. Aðrar tegundir voru t.d. hvítönd, fjallvákur, sefhæna, trjátittlingur, runntítla, foldþröstur, mánaþröstur, dómpápi og kráka, en aðeins einn fugl hverrar tegundar sást. Einnig varð ýmissa þeirra tegunda vart sem bárust til landins í október og er hugsanlegt, að þar hafi einhverjir nýir einstaklingar komið við sögu.

Í desember bar fátt til tíðinda. Nokkuð var af eftirlegukindum frá haustinu. Korpönd og gráheiðir sáust snemma í mánuðinum, fuglar sem ekki hafði orðið vart fyrr um haustið.

Skýringar

Peir sem nefndir eru á eftir hverri athugun eru yfirleitt finnendur. Ef annað er ekki tekið fram, er aðeins um einn fugl að ræða. ☆ merkir að fuglinum hafi

verið safnað eða hann fundist dauður. Sýslur eru í stafrófsröð, en athuganir innan þeirra eru yfirleitt í tímaröð. Til einföldunar er kaupstöðum (nema Reykjavík) skipað undir sýslur.

Tegundaskrá

Sefgoði *Podiceps grisegena*

A-Evrópa, Síbería og nyrsti hluti N-Ameríku. – Hefur sést við SV-land að vetrarlagi nokkur undanfarin ár.

N-Ping: Lón í Kelduhverfi, 16. september (AG, KHS).

Gráskrofa *Puffinus griseus*

Suðurland. – Leitar til N-Atlantshafs utan varptíma, og er sennilega árviss hér við land. *Vestm*: Þríðrangar, 24. maí ☆ (skv. Inga Sigurjónssyni).

Gráhegri *Ardea cinerea*

Evrópa, Asía og sunnanverð Afríka. – Algengur haust- og vetrargestur.

Árn: Opnur í Ölfusforum, tveir ungf 13. febrúar (AG ofl.), þrír 6.-18. mars (ÓE ofl.).

Ölfusá við Selfoss, tveir 6. nóvember, þrír 7.-10. nóvember (Örn Óskarsson ofl.).

Varmá í Ölfusi, sex 23. nóvember (KHS, PL).

Gull: Hvassahraun (Kúagerði), ungf 29. september til 27. október (EÓ, GP, KM, KHS, PL).

Hurðarbak í Kjós, 2. október (KHS, PL, SP), tveir ungf 21. október (KHS).

Stafnes á Miðnesi, tveir 14. nóvember (KHS).

Hafravatn í Mosfellssveit, 30. nóvember (Þorvaldur Björnsson).

Mógilsá í Mosfellssveit, 18. desember (Jón Gunnar Ottósson).

Straumsvík, 26. desember (Sigurður Helgason).

A-Hún: Helgavatn í Vatnsdal, tveir í október (skv. Kristni Pálssyni), (Týli 13: 31).

Æsustaðir í Langadal, um miðjan október ☆ (Kristján Agnarsson).

N-Múl: Refstaðir í Vopnafirði, fyrri hluti nóvember (Gunnar Pálsson).

Einarsstaðir í Vopnafirði, 14. nóvember (Vigfús Hjörtur Jónsson). Hugsanlega sami fugl og á Refstað.

S-Múl: Hólmar í Reyðarfirði, 7. nóvember (PL ofl.).

Mýr: Tungulækur á Mýrum, tveir 18. mars (AG).

Rvík: Myllutjörn við Elliðavatn, 9. janúar (KM ofl.).

Elliðavatn, tveir um miðjan október (Vignir Sigurðsson).

Gufunes, þrír 17. desember (KHS).

Fossvogsdalur, 31. desember (KM, Magnús Magnússon trésm.).

Snæf: Fróðárhreppur, 20. maí (Jón Ólafsson).

Ríf, Neshr., 11. október (Sveinn Lýðsson).

A-Skaft: Bergá í Nesjum, 29.-30. október (PL). Tveir (fullu og ungur) saust á svipuðum slóðum fyrr í október (Jóhann Brandsson ofl.).

Skaftafell í Örafum, 16. desember (Jakob Guðlaugsson).

V-Skaft: Grenlækur í Landbroti, tveir haust 1981 til amk 6.mars, fimm vetur 1982-83 (Erlendur Björnsson).

Fljótakrókur í Landbroti, ungf 7. mars og annar fundinn dauður sama dag ☆ (EP).

Skeiðflötur í Mýrdal, mánaðamót febrúar / mars (Björgvin Salómonsson, Magnús Benediktsson).

S-Ping: Eyjardalsá í Bárðardal, fundinn nýdauður 11. janúar ☆ (Baldur Vagnsson).

Víkurnes í Mývatnssveit, 11. desember (Jón Árni Sigfússon).

1980:

N-Ísf: Botn í Reykjavíkjardarhr., 11. október 1980, dvaldi í nokkra daga (Ágúst Gíslason).

Skag: Keldudalur, Rípurhr., 13. október 1980 (Gunnar Ágústsson).

Dvergsvanur *Cygnus columbianus*

Síbería (*C.c. bewickii*) og N-Ameríka (*C.c. columbianus*). – Mjög sjaldgæfur flækingur, sást fyrst 1978 (*C.c. bewickii*). (Náttúrufræðingurinn 50: 57-60).

A-Skaft: Hvalnes í Lóni, ársгамall 17. maí (PL).

Snjógæs *Anser caerulescens*

N-Ameríka. – Lifir sums staðar hálfvilt og í Evrópu. Árviss hér á landi, oftast í fylgd með blesgæsum.

Árn: Tjarnaver í Þjórsárverum, fullu "snjógæs" 30. júl til 5. ágúst (EP ofl.).

Borg: Skeljabrekka í Andakíl, fullu "blágæs" 2.-5. október (KHS, PL, SP), fullu "snjógæs" 5.-23. október (KHS, PL ofl.).

N-Ísf: Æðey, tvær fullu "snjógæsir" 16.-21. júní (JG, Þorvarður Árnason).

Mýr: Norðurá, Stafholtstungum, fullu "snjógæs" 5. október (AG).

Snæf: Borgarland í Helgafellssveit, fullu "snjógæs" 30. apríl (Trausti Tryggvason). Kolviðarnes, Eyjafirði, fullu "blágæs" 19. september (Þorkell Þorkelsson).

Suður-Bár í Eyrarsveit, fullu "snjógæs" um 21.-29. september (Henry Þór Grans).

S-Þing: Brettingsstaðir í Laxárdal, tvær fullu "snjógæsir" 4. júní (Jim Weaver).

Geirastaðir við Mývatn, fullu "snjógæs" 5. júní (Jim Weaver).

Akurgæs *Anser fabalis*

N-Evrópa og N-Asía. – Sjaldgæfur flækingur, en sást þó í nokkrum mæli 1981 (Bliki 1: 43-46).

A-Skaft: Viðborðssel á Mýrum, tvær 20. febrúar (BA), sjá skýrslu 1981.

V-Skaft: Maríubakki í Fljótshverfi, október ☆ (Tómas Sæmundsson).

Kanadagæs *Branta canadensis*

N-Ameríka. – Flutt til Evrópu á 17. öld og verpir þar nú víða villt og hálfvilt. Árviss hér á landi, og er sennilegt að þar eigi í hlut bæði amerískir og evrópskir fuglar.

Eyf: Skipalón, Glæsibæjarhrr., 16. maí (Snorri Pétursson).

Rang: Safamýri í Holtum, 6. október (AG).

Brúnönd *Anas rubripes*

Norðausturhluti N-Ameríku. – Sjaldgæfur í Evrópu. Árviss hér á landi hin síðari ár.

Árn: Hlíðarvatn í Selvogi, karlf 8. maí til 2. júní (Arnar Helgason ofl.), karlf 11. nóv-

ember (EÓ, SP). Sennilega sami einstaklingur.

Taumönd *Anas querquedula*

Evrópa og Asía. – Sjaldgæfur, en þó líklega árviss flækingur.

Gull: Seltjarnarnes, karlf 26. maí (EÓ, GP).

Urtönd *Anas crecca carolinensis*

N-Ameríka. – Ameríska deilitegundin. Árviss hér á landi og í Evrópu.

S-Þing: Grænavatn í Mývatnssveit, karlf 27. maí (Anders Mosbech, ÁE, ESH).

Ljóshöfði *Anas americana*

N-Ameríka. – Árviss hér á landi og allaleng í Evrópu (Náttúrufræðingurinn 38: 165-175).

S-Þing: Mývatn, fullu paraður karlf við Grænalæk 27. maí (Anders Mosbech, ÁE, ESH), fullu karlf á Álfavogi 17. júní til 6. júl (Ulf Jungbeck ofl.), annar fullu karlf á Neslandavík 2.-15. júl (KHS, Kristján Lillendahl ofl.).

Hraun í Aðaldal, fullu karlf 4.-9. júní (Ib Petersen ofl.).

Skutulönd *Aythya ferina*

Miðbik Evrópu og Asíu. – Árviss og hefur orpið nokkrum sinnum hér á landi.

Árn: Hlíðarvatn í Selvogi, fullu karlf 18. mars (EÓ, KHS). Sennilega sami fugl og í Ósum, Gull. þann 22. janúar.

Gull: Ósar, fullu karlf 22. janúar (EÓ, KHS).

Rvík: Skildinganes - Nauthólsvík, fullu karlf 1. nóvember 1981 til 7. janúar (KM ofl.), sjá einnig skýrslu 1981.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, karlf 2.-3. maí (EP, Gréta D. Þórðardóttir, PHB).

S-Þing: Mývatn, karlf 29. apríl til 18. maí (ÁE ofl.), þrír karlf 19.-24. maí (AG ofl.), tveir karlf til 16. júní (ÁE, AG ofl.).

Hvinönd *Bucephala clangula*

N-Evrópa, N-Asía og N-Ameríka. – Vetrargestur, einkum á SV-landi og Mývatni. Sést hér einnig á sumrin (Náttúrufræðingurinn 37: 76-97).

Árn: Brúará, 25 fuglar 12. mars (AG).

Hlíðarvatn í Selvogi, þrír fullu karlf og tveir kvenf 13. mars (EÓ, KHS), fullu karlf 2. júní (EÓ, GP, KHS), þrír ungir karlf og kvenf 11. nóvember (EÓ, SP).

Pingvallavatn (við Skálabrekku), fullu karlf 11. apríl (KM ofl.).

Sogið, 26 karlf, 13 kvenf og 3 ungf 13. febrúar (AG), fimm neðan brúar 23. nóvember (fullu karlf, ungur karlf, tveir ungir kvenf og kvenf) (KHS, PL), sjö 24. nóvember (sex fullu karlf og ungur karlf) (ÁE), sextán á öllu Soginu 18. desember (nú fullu karlf, ungur karlf, fullu kvenf, tveir ungir kvenf og þrír kvenf) (EP, GP, KHS).

Hraunsá við Stokkseyri, fullu karlf og ungur kvenf 23. nóvember (KHS, PL), karlf 27. desember (EP, GP, KHS).

Gull: Straumsvík, Hafnarfirði, karlf 3. janúar (Sigurður Helgason).

Ósar við Hafnir, þrír karlf 3.-22. janúar, tveir kvenf 3.-4. janúar (EÓ ofl.), ungur karlf 7.-14. nóvember (EÓ, HB, JÓH, KHS ofl.), ungur kvenf 14. nóvember (ESH, KM, KHS), fjórir fullu karlf, kvenf of þrír kvenf/ungf 26. desember (EÓ).

Garður, ungur karlf og tveir kvenf 17. október til 8. nóvember (KM ofl.).

Rvík: Skerjafjörður, Álftanes og nágr., tveir fullu karlf 21. nóvember 1981 til 13. febrúar, einn fullu karlf 30. mars, kvenf 23. janúar, ungur karlf 23. janúar til 16. apríl (KM), karlf 6. nóvember, fullu karlf 23. nóvember (KM).

Ellidavatn, þrír kvenf 9. apríl (KM), ungf 18.-21. október (KM ofl.).

S-Ping: Mývatn og nágr., ellefu fullu karlf 20.-24. janúar (ÁE, Vigfús Jóhannsson), þrjú pör og fullu karlf á Mývatni, og fullu karlf á Grænavatni 23. mars, tvö pör, fjórir fullu karlf og kvenf/ungf 27. mars (ÁE, KHS), fjórir fullu karlf 5. maí (ÁE), átta fullu karlf og ungur kvenf 17.-27. maí (AG, Anders Mosbech ofl.), um ellefu karlf 13.-17. júní (Anders Mosbech, Guðmundur A. Guðmundsson, KHS), fimm karlf 11. ágúst (ÁE).

Laxá í Aðaldal (Daufhylur), fullu karlf 25. mars (ÁE, KHS).

Laxá í Laxárdal, fullu karlf 18. maí (Ólafur Karl Nielsen).

Húsavíkurhöfn, karlf 4. júlí (Sigurður Gunnarsson).

1981:

Gull: Laxárvogur í Kjós, fullu kvenf 28. febrúar 1981 (AG ofl.).

Æðarkóngur Somateria spectabilis

Nyrstu héruð N-Ameríku og Síberíu Grænland og Svalbarði. – Sést hér allt árið, en er algengastur seinni part vetrar.

Árn: Híðarvatn í Selvogi, karlf í æðarvarpi um vorið (skv. KHS).

A-Barð: Skáleyjar, karlf um vorið (Jóhannes Gíslason).

Eyf: Básavík í Grímsey, karlf 21 apríl ☆ (Valdimar Traustason).

Gull: Keflavík, karlf á fyrsta vetri 3. janúar (GP), kvenf 3.-4. janúar (GP ofl.), karlf á öðrum vetri 4. janúar (EÓ, GP, KHS), karlf á fyrsta vetri og kvenf 26. desember (GP).

Hafnaberg, kvenf 6. febrúar (AG).

Arnarnesvogur, Garðabæ, fullu karlf 14. mars (KM), karlf (amk á öðrum vetri) 5.-12. desember (GP ofl.).

Hafnarfjörður, ungur kvenf 29. desember til 1983 (KHS).

N-Ísf: Æðey, Snæfjallahr., fullu karlf 18 maí (JG, Ævar Petersen), kvenf 4.-9. júní, sex fullu karlf og fimm ungir karlf 4.-14. júní (JG, Þorvarður Árnason), 3. mynd. Hrótey í Mjóafirði, fullu karlf 2. júní (JG). Unaðsdalur, Snæfjallahr., fullu karlf 4. júní (JG).

Arngerðareyri í Ísafirði, fullu karlf 4. júní (JG).

Borgarey, Reykjavíkjardarhr., fullu karlf 13. júní (JG, Þorvarður Árnason ofl.).

Vogar í Ísafirði, fullu karlf 12. júlí (JG).

S-Múl: Teigarhorn í Berufirði, karlf 18. mars (AG).

Neskaupstaður, ungur karlf 4. apríl (PL). Hvammur, Helgustaðahr., fullu karlf 12.-16. desember (PL ofl.).

Rvík: Sundahöfn - Viðeyjarsund, karlf á öðrum vetri 2. janúar til 4. maí (KHS ofl.), kvenf 2. janúar (KHS).


Skerjafjörður, kvenf 6. febrúar (KM).

Ellidavogur, kvenf 7. febrúar (KHS). Hugsanlega sami fugl og í Sundahöfn.

Geldinganes, karlf (amk tveggja ára) 2. apríl (KHS).

A-Skaft: Breiðabólstaðarós, karlf 18. mars (AG).

Jökulsárós að Breiðabólstaðarós, 35 fullu karlf (við Jökulsárós) 9. apríl (BA), 11 fullu karlf og 12 kvenf 11. apríl (BA, HB), 12 fullu karlf og 10 kvenf 12. apríl (BA).



3.mynd. Æðarkóngur *Somateria spectabilis*. Æðey, júní 1982. Ljós. Þorvarður Árnason.

Kynblendingar æðarfugls og æðarkóngs

Somateria mollissima x *spectabilis*

S-Ping: Ærvíkurbjörg við Skjálfanda, fullu karlf 7.-13. maí (Brynjúlfr Brynjólfsson, GH, Hermann Bárðarson).

Korpönd *Melanitta fusca*

N-Evrópa, N-Asía, Kákasus og N-Ameríka.

– Sjaldséður, en þó líklega árviss flækingur.

Gull: Laxárvogur í Kjós, karlf 27. febrúar (AG ofl.).

Ósar við Hafnir, kvenf/ungf 8.-26. desember (ESII ofl.).

Krákönd *Melanitta perspicillata*

N-Ameríka. – Árviss í Evrópu en sjaldgæf hér á landi.

Vestm: Heimaey, ungf 4. október ☆ (skv. Inga Sigurjónssyni).

Hvítönd *Mergus albellus*

Nyrst í Evrópu og N-Asía. – Nokkrir fuglar hafa sést hér á undanförunum árum (Náttúrufræðingurinn 46: 27-36).

Árn: Úlfjótuvatn, kvenf 24.-26. nóvember (ÁE ofl.).

Vatnagleða *Milvus migrans*

Syðri hluti Evrópu, Asía, Afríka og Ástralía.

– Hefur ekki sést hér áður.

A-Skaft: Kvísker í Öraefum, 24. október ☆ (HB). Sjá Blika 2: 58-59.

Músvákur *Buteo buteo*

Evrópa, N-Asía til Kyrrahafs. – Hefur ekki sést né fundist hér áður.

S-Ping: Sellönd í Mývatnssveit, fundinn dauður 17. júní ☆ (Hjörleifur Sigurðarson). Sjá Blika 2: 27.

Fjallvákur *Buteo lagopus*

N-Ameríka, Fennóskaandía og norðanverð Ráðstjórnarríkin. – Sjaldgæfur flækingur.

V-Skaft: Skammadalshóll í Mýrdal, 5.-8. nóvember (EHE).

Bláheiðir *Circus cyaneus*

Evrópa, Asía og N-Ameríka. – Sjaldgæfur flækingur hér á landi.

V-Skaft: Skammadalshóll í Mýrdal, karlf 6.-7. október (EHE).

Gráheiðir *Circus pygargus*

Mið- og S-Evrópa og vestanverð Asía. – Mjög sjaldgæfur flækingur.

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, karlf 4. desember (BA).

Gjóður *Pandion haliaetus*

N-Evrópa, N-Asía, N-Ameríka og víðar. – Fremur sjaldgæfur flækingur.

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, 1.-9. nóvember (BA).

Fálki *Falco rusticolus candicans*

Grænland, N-Ameríka. – "Hvítfálkar" sjást hér aðallega á veturna.

A-Skaft: Hrollaugshólar í Suðursveit, karlf 24. desember (BA).

Turnfálki *Falco tinnunculus*

Evrópa, Asía og Afríka. – Allalgengur flækingur hér á landi.

Rvík: Elliðavatn, október (Vignir Sigurðsson).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, kvenf/ungf 27. september (HB), kvenf/ungf 21. október (EÓ, HB).

Á sjó: Um 70 sjómflur út af Langanesi, kvenf/ungf settist á bát um 20. september, hafður í haldi til 12. október ☆ (Sigurður Jóhansen).

Keldusvín *Rallus aquaticus*

Evrópa og Asía. – Sjaldgæfur varpfugl, en flest keldusvín sem sjást núorðið eru sennilega flækingsfuglar.

Árn: Túnsberg, Hrunamannahr., byrjun júlí (Eiríkur Þorgeirsson).

Eyf: Grímsey, mánaðamót nóvember/desember, drapst (Gunnar Númason).

Gull: Sandgerði, 7. nóvember (HB, KHS).

A-Hún: Eylendi í Þingi, október (Guðmundur Bergmann) (Týli 13: 31).

Rang: Nýjabær undir Eyjafjöllum, 19. nóvember (Leifur Einarsson).

Rvík: Elliðavatn, 1. janúar til 14. febrúar (KHS ofl.).

Skógræktin í Fossvogi, 17. nóvember til 1. janúar 1983 (KHS ofl.).

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, amk eitt 24. nóvember til 7. febrúar 1983 (BA).

Skaftafell í Örafum, 25. desember (Jakob Guðlaugsson).

V-Skaft: Steinsmýri í Landbroti, síðari hluti

desember 1981 til mars (Magnús Pálsson).

Skag: Sjárvarborg, Skarðshr., 23. desember til miður apríl 1983 (Ingólfur Sveinsson ofl.).

Sefhæna *Gallinula chloropus*

Evrópa, Asía og Ameríka. – Fremur sjaldgæfur flækingur.

Eyf: Ytra-Dalsgerði, Saurbæjarhr., um 13. nóvember ☆ (Böðvar Ingvarsson).

Bleshæna *Fulica atra*

Evrópa, Asía og Ástralía. – Árviss og hefur orpið hér á landi.

Eyf: Grímsey, lok október (Asgeir Rosnes).

Rvík: Elliðavatn, ungf 16.-21. október (KHS ofl.).

Vepja *Vanellus vanellus*

Evrópa og N-Asía. – Árviss og hefur orpið hér (Náttúrufræðingurinn 37: 170-178 og Bliki 2: 42-43).

Eyf: Akureyri, 29. maí (Brynjúlfur Brynjólfsson).

Gull: Miðnes, tuttugu 22. janúar (tvær við Stafnes, ellefu við Hvalsnes og sjö við Garðskaga) (EÓ, KHS), ungf við Fuglavík 18. október (GP, KM).

Hafnir, tvær 22.-24. janúar (EÓ, KHS ofl.), ein 11. febrúar (EP, ÓE).

Seltjarnarnes, 22. janúar (Hrafn Jóhannsson).

Garðabær, 26. janúar (Sigurður Blöndal).

N-Múl: Húsey í Hróarstungu, 29. október (Örn Þorleifsson).

Austanverður Héraðssandur, 5. desember (Ingvi Ingvarsson, PL).

S-Múl: Finnsstaðir í Eiðapinghá, 9. maí (Völundur Jóhannesson).

Norðfjarðarhreppur, júní (Hálfdan Haraldsson).

Egilsstaðir, 31. ágúst (Simon Emms, David Elston).

Kolfreyjustaður, Fáskrúðsfirði, 15.-22. október (Þórhildur Gísladóttir ofl.).

Rvík: Fossvogur, fjórar 16. janúar, amk ein 17. janúar (KM), tvær 17. febrúar (KHS).

Grasagarðurinn í Laugardal, 25. janúar (Þorsteinn Einarsson).

A-Skaft: Fagurhólsmýri í Örafum, 21.-22. janúar (HB ofl.).

Hof í Örafum, 14. júní (Ulf Jungbeck ofl.).

Hraunkot í Lóni, þrjár 22.-29. október (Friðrik Jónsson ofl.).

V-Skaft: Steinsmýri í Landbroti, tvær í um viku í lok febrúar (Magnús Pálsson).

Vestm: Heimaey, fjórar 8.-22. janúar (Gísli Óskarsson), tvær að auki 11. janúar (SS).

S-Þing: Húsavík, 30. apríl til 7. maí (GII ofl.).

Garður í Mývatnssveit, 27. maí (Anders Mosbech, ÁE, ESH).

Mánárþakki á Tjörnesi, 22.-24. október (Aðalgeir Egilsson).

Grálóa *Pluvialis squatarola*

Nyrstu héruð Síberíu og N-Ameríku. – Alltíð að haust- og vetrarlagi.

Gull: Hafurbjarnarstaðir á Miðnesi, 9. október (ESH, KHS).

Býjasker á Miðnesi, 17. október (EÓ, GP), eflaust sami einstakingur og við Hafurbjarnarstaði.

A-Skaft: Öldulón í Örafum, 10. október (HB).

Fjöruspói *Numenius arquata*

Evrópa og Asía. – Vetrargestur, einkum á SV-landi.

Gull: Miðnes, 3. janúar til 18. apríl, flestir fimmtán 22. janúar, tveir 18. apríl (ýmsir), sjá einnig skýrslu 1981. Aftur 21. ágúst til 14. nóvember, einn 21. ágúst, fimm 28. ágúst, átta 5. september, fimmtán 26. september, sautján 23. október, sjö 14. nóvember (ýmsir).

Staður, Grindavík, tveir 4. janúar (EÓ, GP, KHS), einn 18. apríl (GP, KM, KHS), einn 28. ágúst (KM).

Hliðsnes á Álfanesi, 23. janúar til 13. febrúar (KM).

Minni-Vatnsleysa á Vatnsleysuströnd, amk þrír 3. september (JÓH).

Njarðvíkurfitjar, 18. september til 2. október (KM).

S-Múl: Eskifjörður, 2. maí (PL).

Snæf: Hagavatn í Staðarsveit, 4. október (KHS).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, níttján 26. desember (Sigbjörn Kjartansson).

Flóastelkur *Tringa glareola*

N-Evrópa og N-Asía. – Hefur sést hér öðru hvoru frá 1959, og er strjáll varpfugl við Mývatn (Náttúrufraeðingurinn 39: 10-16 og 51: 164-169).

S-Þing: Hraun í Aðaldal, 4. júní (Ib Petersen).

Mývatn, par 5. júní (GP), par með einn nýklakinn unga 29. júní (Anders Mosbech, Árni Waag Hjálmarsson, Guðmundur A. Guðmundsson, HB, JÓH, KHS).

Vestmannsvatn í Reykjadal, 23. júní (Flemming Christensen, Ib Petersen).

Skógarsnípa *Scolopax rusticola*

Evrópa og Asía. – Árviss að haust- og vetrarlagi.

Árn: Laugarás í Biskupstungum, 28. nóvember til 11. desember (Jósef Ólafsson ofl.).

Laugarvatn, Laugardalshr., náðist aðframkomin 26. desember ☆ (Björn Ingi Finsen).

Gull: Ósar, 8. desember (ESH).

Snæf: Ólafsvík, 27. nóvember ☆ (Porgils Björnsson).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 17. október (HB).

Borg á Mýrum, 22. október (EÓ, HB).

Reynivellir í Suðursveit, 22. október (EÓ, HB), 1.-28. nóvember, þrjár 8. desember til 18. febrúar 1983 (BA).

Skaftafell í Örafum, 26. nóvember (Jakob Guðlaugsson).

V-Skaft: Hrífunes í Skaftártungu, 7. nóvember (Porvaldur Björnsson).

Vestm: Heimaey, 12. janúar (SS).

S-Þing: Halldórsstaðir í Bárðardal, 10.-12. desember (drapst) ☆ (Sverrir Thorstensen).

Dvergsnípa *Lymnocyrtes minimus*

N-Evrópa og Asía. – Árviss, einkum að vetrarlagi, en mun sjaldgæfari en skógarsnípa.

Rvík: Skógræktin í Fossvogi, 17.-19. nóvember (KHS ofl.), 29. desember (Ferdinand Jónsson, Hannes Þ. Hafsteinsson).

Vatnsmýri, 26. nóvember (EP).

Vaðlatíta *Calidris fuscicollis*

Kanada. – Árviss hér á landi og alltíð í Evrópu.

Gull: Sandgerði, 17. október (EÓ, GP).

Ískjóí *Stercorarius pomarinus*

Íshafslönd N-Ameríku og Síberíu, einnig Grænland. – Hluti stofnsins hefur vetursetu í

Mið-Atlantshafi og fer hér um að einhverju leyti vor og haust.

Gull: Garður, 28. ágúst (KM).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, tveir 9. maí (PHB).

Kvísker í Örfum, ungf 2. júní (HB).

Á sjó: 8-10 sjómíllur SA af Papey, tveir fulla 15. maí (Ari Albertsson).

Fjallkjói *Stercorarius longicaudus*

Nyrsti hluti N-Ameríku, N-Evrópu og Síberíu, einnig Grænland. – Árviss, en sjaldgæfur fargestur.

Gull: Garðskagi, 17. október (KM).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 3. júlí (Benedikt Þorsteinsson, EP).

Á sjó: 8-10 sjómíllur SA af Papey, þrír 15. maí (Ari Albertsson).

Ísmáfur *Pagophila eburnea*

Íshafseyjar N-Ameríku og Asíu, Svalbarði og Grænland. – Íshafsfugl, sem lcitar lítið

suður á bóginn á veturna. Slæðingur sést þó hér nær árlega, cinkum við Norðurland.

N-Ísf: Látrar í Aðalvík, 21. júlí (Christian Hjort).

S-Þing: Húsavík, tveir fulla 28. mars (Sigurður Gunnarsson), fulla 12. apríl (GH).

Hringmáfur *Larus delawarensis*

N-Ameríka. – Sást fyrst á Íslandi 1978. Til skamms tíma óþekktur í Evrópu, en er þar nú algengasti ameríski máfurinn.

Rvík og nágr.: Að minsta kosti tveir fuglar sást í Reykjavík og nágrenni, árgamall og tveggja ára, sem hér segir.

Grafarvogur, árgamall 21. apríl (AG), tveggja ára 22. apríl (KHS), árgamall 29. maí (JÓH).

Fossvogur, amk tveggja ára 7. maí (EP, ÓE).

Kópavogur, tveggja ára 11. maí (EÓ)

Tjörninn, tveggja ára 11. maí til 15. júní, sami fugl og sást í Kópavogi (EP ofl.), árgamall 19. maí til 22. september (EP, EÓ), 4. mynd.



4.mynd. Hringmáfur *Larus delawarensis* á fyrsta sumri. Reykjavíkurtjörn, sumar 1982. Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.



5. mynd. Rósamáfur *Rhodostethia rosea*. Sandur í Aðaldal, 25. júní 1982. Ljós. Flemming Christensen.

Dvergmáfur *Larus minutus*

Austanverð Evrópa og Mið-Asía. – Líklega árviss. Hefur sést hér á öllum tímum árs, en er einna algengastur á vorin.

Gull: Kópavogur, árgamall 21. maí (JÓH).
Akarakot á Álfanesi, árgamall 24. maí (GP), sennilega sami fugl og sást í Kópavogi.

Fitjar á Miðnesi, fullu 5. september (GP, SP).

Hafnaberg, ungf 5. september (AG).

Rósamáfur *Rhodostethia rosea*

NA-Síbería. – Sést nær árlega við strendur V-Evrópu, allt suður fyrir Bretlandseyjar. Fremur sjaldséður hér við land.

S-Ping: Sandur í Aðaldal, fullu 25. júní (Ib Petersen ofl.), 5. mynd.

Kolperna *Chlidonias niger*

Evrópa til Mið-Asíu, N-Ameríka. – All-
algeng hér á landi (Bliki 2: 48-55).

A-Skaft: Hestgerði í Suðursveit, 14. júní (Ulf Jungbeck ofl.).

Hringdúfa *Columba palumbus*

Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. – Árviss að vor- og sumarlagi. Hefur orpið hér (Náttúrufræðingurinn 35: 9-13).

S-Múl: Hallormsstaður, tvær annað slagið 26. apríl til 20. október (Björn Björnsson, Kolbrún Sigurbjörnsdóttir ofl.).

Rvík: Skógræktarstöðin í Fossvogi, ein 6. maí til 25. júní (ÓE ofl.), ein að auki 9.-10. maí (EO, GP, KM).

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, ein 8. maí, tvær 13. maí (BA).

Skaftafell í Örafum, amk þrjár um 20. maí (Bragi Þórarinnsson), fjórar 14. júní (Ulf Jungbeck ofl.).

Fagurhólmýri í Örafum, þrjár 23. maí (HB).

Kvísker í Örafum, þrjár 11. júní (HB), ein 12. nóvember (HB).

Turtildúfa *Streptopelia turtur*

N-Afríka og Evrópa (nema Fennóskandía) austur í Mið-Asíu. – Árviss, einkum að sumar- og haustlagi.

Gull: Vogar á Vatnsleysuströnd, fullu 29. september ☆ (EÓ, GP, KM, KHS, PL).
Rvík: Skógræktin í Fossvogi, tveir ungf 1. október (KM).
A-Skaft: Svínafell í Örafum, fullu í lok maí (JP).
V-Skaft: Reynir í Mýrdal, um 1. júní (John Day).

Tyrkjadúfa *Streptopelia decaocto*

Evrópa og N-Afríka til SA-Asíu. – Tyrkjadúfur hafa verið í stöðugri útbreiðslu-aukningu, einkum í norðvestur, síðustu mannsaldra. Hafa sést hér nokkrum sinnum og orpið amk einu sinni.

Gull: Innri-Njarðvík, snemma sumars, flaug inn í dúfnahús og slapp úr haldi í Kópavogi nokkru síðar (Guðmundur Ö. Ólafsson ofl.).

Rvík: Skógræktin í Fossvogi, fullu 21. júní (KM), sennilega sami fugl og slapp úr haldi í Kópavogi.

Á sjó: 2 sjómíflur SA af Papey, tvær 14. maí 2☆ (Ari Albertsson).

Regngaukur *Coccyzus erythrophthalmus*

N-Ameríka. – Mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi og sjaldgæfur í V-Evrópu.

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 21.-25. október (fannst dauður) ☆ (HB).

Snæugla *Nyctea scandiaca*

Nyrstu héruð Evrópu, Asíu og N-Ameríku og N-Grænland. – Óreglulegur varpfugl á Íslandi og Skotlandi (Hjaltlandseyjar). Annars fremur sjaldséð, en árviss hér á landi.

Arn: Herðisarvík í Selvogi, karlf 23. maí (Ásgeir Jónsson).

N-Múl: Þrívörðuháls á Jökuldalsheiði, júlí / ágúst (Eiríkur Skjaldarson, Kjartan Sigurðsson).

Snæf: Rif - Hellissandur, fullu fundin dauð um miðjan júní (Smári Lúðvíksson).

S-Ping: Arnarvatn í Mývatnssveit, fundin dauð í júní ☆ (Gylfi Yngvason).

Laxamýri í Aðaldal, lok júlí (Kristján Arnarson).

Lækir við Sellandafjall, Mývatnssveit, kvenf/ungf 10. eða 11. september (Helgi Jónasson).

Miðhálf: Háumýrar á Sprengisandi, um 25. júlí, sást í nokkra daga (Sigurður Snorrason, Þóra Ellen Þórhallsdóttir).

1980;

N-Ping: Hólsandur, Hólsfjöll, nóvember 1980 (Guðmundur Jónsson).

S-Ping: Laxamýri í Aðaldal, karlf 24. desember 1980 (Atli Vigfússon).

1981:

V-Barð: Hvallátur, kvenf/ungf fundin dauð 24. ágúst 1981 (Þorvaldur Búason).

N-Ping: Ærlækur í Öxarfirði, febrúar 1981 (Guðmundur Jónsson).

S-Ping: Langidalur á Hafursstaðaheiði, júní 1981 (Tryggvi Harðarson).

Miðhálf: Þúfuver, Þjórsárverum, um 25. júlí 1981 (Sigurður Snorrason, Þóra Ellen Þórhallsdóttir).

Eyrugla *Asio otus*

Miðbik N-Ameríku, Evrópa og N-Afríka til Asíu. – Árviss að haust- og vetrarlagi.

Gull: Mógilsá í Kollafirði, 14. nóvember (Ásta Þorleifsdóttir, EP, JÓH, ÓE), 6. mynd.

A-Skaft: Brekka í Lóni, 30.-31. október (Þorvaldur Þorgeirsson ofl.).



6.mynd. Eyrugla *Asio otus*. Mógilsá í Kollafirði, 14. nóvember 1982. Þess má geta að myndin leiddi til þess, að ugla varð greind til tegundar, en eyruglu og branduglu má aðgreina á rákamynstri á undirvæng. Ljós. Ólafur Einarsson.

Reynivellir í Suðursveit, 20. nóvember (BA).

V-Skaft: Skammadalshóll í Mýrdal, 26. desember (EHE).

Múrsvölungur *Apus apus*

Evrópa og NV-Afríka til Mið-Asíu. – Árvið að vor- og sumarlagi.

Árn: Hlíðarvatn í Selvogi, 19. júní (Baldur Ólafsson, Björn Ólafsson).

Skálabrekka við Þingvallavatn, 28. júlí (KM).

S-Múl: Neskaupstaður, einn um vorið (Magnús Guðmundsson).

Rvík: Kleppsvegur, fundinn aðframkominn 8. júní ☆ (Ámundi Sveinsson).

A-Skaft: Ingólfshöfði, 30. júlí (Ray V. Collier).

Vestm: Heimaey, 19. júní (Há/Dalfjall) (Skúli Gunnarsson), 21. júní (SS).

Sönglævirkí *Alauda arvensis*

Evrópa, NV-Afríka og Asía. – Fremur algengur flækjngur hér á landi frá hausti fram á vor.

Gull: Garðskagi á Miðnesi, 8.-14. nóvember (EÓ, GP, KM, KHS ofl.).

Stafnes á Miðnesi, 8. nóvember (EÓ, GP, KM, KHS).

Sandgerði, 13. nóvember (ESH).

Landsvala *Hirundo rustica*

Evrópa, N-Afríka, Asía og N-Ameríka. – Algeng á vorin og hefur orpið hér alloft.

Árn: Blanda í Ölfusforum, 2. júní (EÓ, GP, KHS).

N-Múl: Vaðbrekka á Jökuldal, 17. maí (Aðalsteinn Aðalsteinsson).

Rvík: Tjörninn og nágr., 21. maí (Sigurður Blöndal).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 18.-21. apríl (Benedikt Þorsteinsson, EP ofl.).

Kvísker í Örafum, 10. maí og 20. maí (HB).

Svínafell í Örafum, þrjár um 20. maí (JP). Skaftafell í Örafum, tvær um 20. maí (Bragi Þórarinnsson).

Hrollaugsstaðir í Suðursveit, 10. júlí (BA).

V-Skaft: Norður-Hamar í Mýrdal, tvær lok apríl til 1. júní (EHE).

Vestm: Heimaey, fjórar 29. maí (SS).

S-Þing: Voladalur á Tjörnesi, 18. júní (Ólafur Karl Nielsen).

Hraun í Aðaldal, 9. júlí (Ib Petersen ofl.).

Bæjasvala *Delichon urbica*

Evrópa, NV-Afríka og Asía. – Algeng á vorin og hefur orpið hér.

Árn: Almannagjá á Þingvöllum, 1. júní (Magnús Magnússon próf.).

Gull: Djúpatvatn, 30.-31. maí (Þórður Einarsson).

S-Múl: Lindarbrekka, Beruneshr., 16. maí (PL).

Kirkjumelur, Norðfjarðarhr., 1. júní (Hálf-dan Haraldsson).

A-Skaft: Svínafell í Örafum, í nokkra daga um 20. maí (JP).

Kvísker í Örafum, ein 16. maí, tvær 2.-5. júní (HB).

Dílsnes í Nesjum, 16. maí (PL).

V-Skaft: Vík í Mýrdal, tvær 1. júní til ágústloka (Lars Nielsen, Michael Slot Hansen, Jörgen S. Jensen og EHE).

S-Þing: Skútustaðir í Mývatnssveit, 26. maí ☆ (Arngrímur Geirsson).

Ógreind svala

N-Múl: Eiríksstaðir á Jökuldal, 17. maí (sennilega bæjasvala) (Sigurjón Guðmundsson).

Gulerla *Motacilla flava thunbergi*

Evrópa, Asía og Alaska. Deilitegundin *thunbergi* í norðurhluta Skandinavíu og Rússlandi. – Sjaldgæfur flækjngur.

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, 20.-27. maí ☆ (BA).

Mýrerla *Motacilla citreola*

A-Rússland og Síbería. – Mjög sjaldgæfur flækjngur.

A-Skaft: Dynjandi í Nesjum, 29. október ☆ (PL).

Straumerla *Motacilla cinerea*

Evrópa, NV-Afríka og Asía. – Sjaldgæfur flækjngur.

Gull: Hafurbjarnarstaðir á Miðnesi, 6. nóvember (Ferdinand Jónsson, Hannes Þ. Hafsteinsson).

Hof í Garði, 8. nóvember til 26. desember (EÓ, GP, KM, KHS ofl.), líklega sami fugl og við Hafurbjarnarstaði.

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, 5.-7. nóvember (BA).



7.mynd. Silkitoppa *Bombycilla garrulus*. Reykjavík, 19. mars 1982. Ljós. Erling Ólafsson.

Trjátittlingur *Anthus trivialis*

Evrópa, V- og Mið-Asía. – Mjög sjaldgæfur flækingur.

Gull: Hvalsnes á Miðnesi, 8. nóvember ☆ (EÓ, GP, KM, KHS).

Grásvarri *Lanius excubitor*

Mið- og SV-Evrópa, N-Skandinavía, N-Afríka, Asía og N-Ameríka. – Mjög sjaldgæfur flækingur.

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 20.-21. október ☆ (HB ofl.).

Reynivellir í Suðursveit, 5. nóvember (BA).

Silkitoppa *Bombycilla garrulus*

NA-Evrópa, N-Asía og N-Ameríka. – Stórir hópar flakka öðru hvoru út fyrir venjubundin vetrarheimkynni, þ.á.m. til Íslands (Bliki 1: 41-42).

Eyf: Akureyri, 9. desember 1981 til 7. apríl (Inga Skarphéðinsdóttir, Jón Tryggvason, Júdit Jónbjörnsdóttir ofl.), sjá einnig skýrslu 1981.

S-Mál: Stöðvarfjörður, fimmtán 22. október (PL).

Rvík: Hávallagata, amk ein 7. desember 1981 til 1. febrúar (GP ofl.), tvær 18. mars (Sigurður Blöndal), sjá einnig skýrslu 1981.

Túnin, tvær 21. febrúar til 27. mars (SP ofl.), 7. mynd.

Holtin, 26. mars (BA).

Runntítla *Prunella modularis*

Evrópa og SV-Asía. – Sjaldgæfur flækingur.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 6. nóvember til 9. apríl 1983 (EP ofl.).

Glóbrystingur *Erithacus rubecula*

Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. – Algengur flækingur.

Arn: Selfoss, einn 10. nóvember, tveir 11. nóvember til mars 1983 (Örn Óskarsson ofl.).

Eyf: Siglufjörður, 11.-16. október (Örlygur Kristinnsson).

Akureyri, náð við Krossanes 3. nóvember, sleppt á Akureyri 5. nóvember (Magnús

Lórenzon), 26. desember (GP ofl.), etv sá sami og sleppt var 5. nóv.

Grímsey, 7. nóvember (Asgeir Rosnes, Berit Sæbø).

Gull: Grindavík, 27. október til 7. nóvember (EÓ, KHS ofl.).

Þórkötlustaðir, Grindavík, 27. október (EÓ, KHS).

Seltjörn, Njarðvík, 27. október (EÓ, KHS).

Þorbjörn, Grindavík, tveir 7. nóvember (EÓ, ESH, HB, JÓH, KHS ofl.).

Hafnir, 7. nóvember (EÓ, HB, JÓH, KHS).

Sandgerði, 7.-14. nóvember (HB, KHS ofl.).

Garður, 8. nóvember (EÓ, GP, KM, KHS).

Fuglavík á Miðnesi, 8. nóvember (KM, KHS).

Hvalsnes á Miðnesi, 14. nóvember (ESH).

Vífilsstaðahlíð, Garðabæ, tveir í nóvember (Vignir Sigurðsson ofl.).

Garðabæ, okt./nóv. til amk 25. febrúar 1983 (Jóhann Brandsson ofl.).

Hafnarfjörður, 14. nóvember (Pétur Sigurðsson), 22.-30. nóvember (Trausti Baldursson).

Kópavogur, 17. nóvember ☆ (Guðrún Sverrisdóttir).

N-Ísf: Ísafjörður, um 20. október til um 31. janúar 1983 (Reynir Pétursson).

N-Múl: Húsey í Hrðarstungu, átta 19.-26. október, einn til amk 9. nóvember (Örn Þorleifsson).

Merki á Jökuldal, 28. október ☆ (Stefán Ólason).

Einarsstaðir í Vopnafirði, flaug á flugvél 2. nóvember ☆ (Vigfús Hjörtur Jónsson ofl.).

S-Múl: Ormsstaðir í Eiðapinghá, október til 21. desember (Þórhallur Borgarsson ofl.).

Breiðdalsvík, 23. október (PL).

Hallormsstaður, 23. og 30. október ☆ (Björn Björnsson, Kolbrún Sigurbjörnsdóttir).

Arnkelsgerði, Vallahr., október (skv. Birni Björnssyni).

Eyjarland í Fljótsdal, 30. október (skv. Birni Björnssyni).

Framnes, Búlandshr., 30. október ☆ (PL).

Innri-Kleif, Breiðdalshr., 24. desember ☆ (Helgi L. Sigmarsson).

Neskaupstaður, um 24. desember til 9. apríl 1983 (Magnús Guðmundsson).

Rvík: Laufásvegur, 8. nóvember (JÓH).

Sundahöfn, 18. nóvember ☆ (Samson B. Harðarson).

Sunnuvegur, 21. nóvember til 5. febrúar 1983 (Friðrik Kristjánsson ofl.).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 14. apríl (HB), þrír 18. október 2☆, fimm 19. október, amk átta 20. október ☆, fimmtán 21. október 6☆, fimm 23. október ☆, tveir 24. október, amk átta 25. október 4☆, tveir 27. október til 12. nóvember, einn 23. nóvember, einn 12. desember (HB ofl.).

Reynivellir í Suðursveit, 12. apríl, 15. maí ☆ (BA), tveir 20.-22. október (BA ofl.), einn 31. desember (BA).

Höfn í Hornafirði, einn 29. september til 31. desember, einn að auki 22. október, 2. nóvember og 13. desember (EP ofl.).

Svínafell í Örafum, 21.-23. október (JP ofl.).

Kálfafellsstaður í Suðursveit, 22. október (EÓ, HB).

Skálafell í Suðursveit, 22. október (EÓ, HB).

Steinadalur í Suðursveit, fjórir 23. október (EÓ, HB).

Horn í Nesjum, 31. október (PL ofl.).

Mýrahreppur, lenti á bíl í október ☆ (Jóhann Brandsson ofl.).

Krókur í Suðursveit, 2. nóvember (BA).

Strand: Svanshöll, Kaldrananeshr., tveir seint í október (Ingimundur Ingimundarson).

Vestm: Heimaey, 17. júní (Stórhöfði) (Óskar J. Sigurðsson), amk fimmtán 20. október til 8. nóvember 2☆ (SS ofl.), einn fundinn dauður 7. nóvember (Stórhöfði) (Óskar J. Sigurðsson).

N-Þing: Presthólar, Presthólahr., 15. nóvember ☆ (Jónas Þorgrímsson).

S-Þing: Nes í Aðaldal, sept./okt. til desember, þá tekinn búr (Erlendur Sigurðsson).

Húsavík, amk einn 25. október til 13. nóvember (Hermann Bárðarson ofl.).

Halldórsstaðir í Bárðardal, 30. október (Sverrir Thorstensen).

Húsaskotta *Phoenicurus ochruros*
Evrópa, NV-Afríka og Asía. – Sjaldgæfur flækingur.

A-Skaft: Kvísker í Örafum, kvenf 20.-21. október (HB ofl.).

Garðaskotta *Phoenicurus phoenicurus*

Evrópa og Asía. – Allalgengur haustflækkingur.

A-Skaft: Kvísker í Örafum, karlf og kvenf 18. október 2☆, kvenf 19.-20. október (HB).

Höfn í Hornafirði, fimm kvenf/ungf 21. október (BA).

Hvalnes í Lóni, karlf 23. október (PL).

Vallskvetta *Saxicola rubetra*

Evrópa og V-Asía. – Fremur algengur haustflækkingur.

Eyf: Grímsey, kvenf 29. september (Asgeir Rosnes).

Gull: Býjasker á Miðnesi, tvær 9. október ☆ (GP).

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, 13. september ☆, fimm 15. september ☆ (BA).

Höfn í Hornafirði, 18. september (BA).

Kvísker í Örafum, 27. september ☆, tvær 1.-4. október (HB).

Hagaskvetta *Saxicola torquata*

Sunnanverð Evrópa, sunnanverð Afríka og Asía austur til Japan. – Fremur sjaldgæfur flækkingur.

A-Skaft: Kvísker í Örafum, karlf 21. mars (HB).

Foldþröstur *Zoothera dauma*

V-Asía og Síbería austur til Japan og suður tilstralíu. – Mjög sjaldgæfur flækkingur.

S-Múl: Eiðar í Eiðapinghá, 9. október, náðist örmagna, síðar sleppt og hélt sig á staðnum í nokkra daga. (Anna A. Arnardóttir ofl.).

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, 5.-9. nóvember (BA).

Mánaþröstur *Turdus torquatus*

Skandinavía, Bretlandseyjar, Mið- og S-Evrópa og SV-Asía. – Sjaldgæfur flækkingur.

Mýr: Borgarnes, 18.-26. nóvember (Rafn Sigurðsson ofl.).

Svartþröstur *Turdus merula*

Evrópa, NV-Afríka og sunnanverð Asía. – Mjög algengur haust- og vetrargestur og hefur orpið hér á landi. Eftirfarandi athuganir eru frá 1. september 1981 til 31. ágúst 1982.

Árn: Hlíðarendi í Ölfusi, kvenf 20. nóvember ☆ (EÓ, KHS).

Nes í Selvogi, fullu karlf, ungur karlf og kvenf 10. nóvember (KHS).

Eyf: Akureyri, ungf 26. febrúar (Jón Sigurjónsson).

Gull: Þórustaðir á Miðnesi, tveir ungir karlf 7. nóvember (EP, EÓ), ungur karlf og kvenf 8. nóvember (EÓ, GP, GP).

Hafurbjarnarstaðir á Miðnesi, kvenf 7. nóvember (EP, EÓ), kvenf/ungf 3. desember (SP).

Grindavík, þrír ungir karlf 7. nóvember, tveir ungir karlf 8. nóvember (BA, EP, EÓ, KHS ofl.), kvenf 9. nóvember (BA, EÓ, KHS).

Staður, Grindavík, ungur karlf og ókyngur 7.-8. nóvember (BA, EP, EÓ, KHS ofl.), fullu karlf og kvenf 17. nóvember ☆ (EÓ, KHS, PL).

Hafnir, kvenf 16. nóvember ☆ (EÓ, KHS, PL, SP).

Hvalsnes á Miðnesi, kvenf/ungf 17. nóvember (KHS).

Sandgerði, kvenf/ungf 18. nóvember (PL).

Mógilsá í Kollafirði, ungur karlf 20. nóvember til 14. mars, (EÓ, KHS, PL ofl.).

Arfadaldvík, Grindavík, kvenf/ungf 22. nóvember (KM, KHS, PL).

Garður, fullu karlf 3. desember (SP), 3. janúar (Sigurður Blöndal).

N-Múl: Bakkagerði í Borgarfirði, 18. desember ☆ (Ólafur Aðalsteinsson).

Rang: Skógar undir Eyjafjöllum, karlf og kvenf 17. mars (BA).

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, kvenf 28. október, tveir karlf og kvenf 13.-17. nóvember, kvenf 6.-8. apríl (BA).

Kvísker í Örafum, 5. nóvember, þrír 7. nóvember, fimm 8. nóvember þrír 10. nóvember, kvenf 11. nóvember til 17. apríl, kvenf að auki 25.-28. desember, drapst, karlf og kvenf að auki 21. febrúar til 31. mars (HB).

Höfn í Hornafirði, kvenf 10. nóvember til 30. desember (EP).

Sléttaleiti í Suðursveit, tveir 15. nóvember (HB).

Hali í Suðursveit, tveir karlf og tveir kvenf 16.-17. nóvember (BA).

Svínafell í Örafum, amk einn í nóvember (JP).

Hof í Örafum, vetur 1981-82 (Sigrún Sæmundsdóttir).

V-Skaft: Kirkjubæjarklaustur, kvenf 17. mars (BA).

Vestm: Heimacy, tveir 8. nóvember (SS).

Grápröstur *Turdus pilaris*

Evrópa til Mið-Asíu, SV-Grænland. – Mjög algengur haust- og vetrargestur og hefur orpið hér á landi. Eftirfarandi athuganir eru frá 1. september 1981 til 31. ágúst 1982.

Árn: Selfoss, 11. október (EÓ, GP, KHS).

Hveragerði, 10. nóvember (EÓ, KHS).

Hlíðarvatn í Selvogi, 10. nóvember (EÓ).

Nes í Selvogi, þrír 10. nóvember (KHS).

Borg: Akranes, 20. nóvember (Gísli Práinsson).

Eyf: Dalvík, 26. október (Steingrímur Þorsteinsson).

Akureyri, einn 8. desember til 28. mars, þrír 1. júní til 27. júlí, með tvo unga sem sáust fyrst nýflegir 1. júlí (GP, Inga Skarphéðinsdóttir, Jón Tryggvason ofl.).

Gull: Há-Bjalli, Vatnsleysuströnd, tveir 25. október (EP, GP, KHS, ÓE, SP).

Hafnir, 30. október (EÓ, KHS).

Varmá í Mosfellssveit, 1. nóvember (KM).

Garður, 25. október, 7. nóvember (KHS).

Þórustaðir á Miðnesi, 7.-8. nóvember (EP, EÓ ofl.).

Staður, Grindavík, 8. nóvember (EÓ, GP, GP, KHS).

Þorbjörn, Grindavík, 9. nóvember (BA, EÓ, KHS).

Hafnarfjörður, 18.-24. nóvember (Hringbraut) (EÓ, KHS, PL ofl.), 21. nóvember (Kinnar) (Arnar Helgason), 30. janúar (við lækinn) (AG).

Garðabær, 28.-29. nóvember (Sigurður Blöndal).

N-Múl: Merki á Jökuldal, fjórir 29. september, amk einn 1. október, þrír 4. október (SP).

Bakkagerði í Borgarfirði, fjórir 16. nóvember ☆ (Ólafur Aðalsteinsson).

S-Múl: Miðhús í Eiðapinghá, fimm 30. september (SP).

Eskifjörður, 18. október (PL).

Rang: Múlakot í Fljótshlíð, 11. október (EÓ).

Rvík: Skógræktin í Fossvogi, 24. október til 18. mars (KHS ofl.).

Hafnarstræti, október (Sigurður Blöndal).

Tjörninn, 19. nóvember (Baldur Gunnarsson, EP).

Grasagarðurinn í Laugardal, 20. nóvember (EÓ, KHS, PL).

Sígluvogur, 24. nóvember (KHS, PL).

Laugarásvegur, 27. janúar (Þorsteinn Einarsson).

Hávallagata, 12. febrúar til 19. mars (GP ofl.).

Grenimelur, flestir fimm 22. febrúar til 28. mars (Einar Lúðvíksson ofl.).

Snækkjuvogur - Langholtsvegur, 10.-12. mars (EP).

Miðtún, 16. mars (SP).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, einn 19. september, þrír 4. október, þrír 7.-8. nóvember, einn 29. nóvember, einn 14. maí og 17.-18. maí (HB).

Fagurhólsmýri í Örafum, einn 28. september, fjórir 20. nóvember (HB).

Reynivellir í Suðursveit, tveir 28.-30. september, þrír 5.-7. október, einn 17. október, tveir 26.-28. október, tveir 13. maí (BA).

Svínafell í Örafum, tveir 18. október (HB).

Sléttaleiti í Suðursveit, fjórir 16. nóvember (HB).

V-Skaft: Skammadalshóll í Mýrdal, 17. nóvember, sást í nokkra daga (EHE).

Kirkjubæjarklaustur, þrír með hreiður og þrjá unga 27.-28. júní (EP, ÓE), fimm 29. ágúst (BA).

Vestm: Heimaey, amk 25 fuglar 8. nóvember (SS).

S-Ping: Hrífla, Ljósavatnshr., 1.-24. október (Sigtryggur Vagnsson).

Söngpröstur *Turdus philomelos*

Evrópa, V- og Mið-Asía. – Árviss að haust- og vetrarlagi.

Eyf: Grímsey, miður október til 7. nóvember (Asgeir Rosnes, Berit Sæbø).

Akureyri, 15. nóvember (GH).

Gull: Seltjörn, Njarðvík, ungf 28. ágúst ☆ (GP, KM, KHS).

Þorbjörn, Grindavík, tveir 18.-26. september (EP, GP, Jón Baldur Hlíðberg, KM ofl.), þrír 27. september (EÓ, KHS).

Sandgerði, 30. október til 7. nóvember (GP, ÓE ofl.).

Garður, þrír 8. nóvember (EÓ, GP, KM, KHS).

Rvík: Skógræktin í Fossvogi, 7. maí til 21. júní (ÓE ofl.), varð einnig vart annað slagið við Nýbýlaveg í Kópavogi.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 24.-27. mars (EP ofl.), þrír 22. október (EÓ, HB), 15. desember (EP).
 Kvísker í Örafum, 11. maí til 2. júní (HB), tveir 12. ágúst til 8. september (annar etvungi), einn 19.-20. október (IIB), sex 21. október ☆ (EÓ, HB), allt að fimm til 29. október ☆ (HB).
 Reynivellir í Suðursveit, 15. maí ☆ (BA), 22. október (EÓ, HB), tveir 5.-10. nóvember, einn 11.-18. nóvember (BA).
 Svínafell í Örafum, 23. október (EÓ, HB).
Vestm: Heimaey, 7. nóvember (Stórhöfði) (Óskar J. Sigurðsson).

Mistilþröstur *Turdus viscivorus*

Evrópa (nema nyrst í Skandinavíu) og NV-Afríka til Mið-Asíu. – Sjaldgæfur flækingur.
N-Múl: Merki á Jökuldal, 26.-28. október (Lilja Óladóttir, Óli Stefánsson).
A-Skaft: Framnes í Nesjum, 27.-28. október (PL).
 Reynivellir í Suðursveit, þrír 6.-7. nóvember ☆ (BA).

Sefsöngvari *Acrocephalus scirpaceus*

Evrópa, N-Afríka og SV-Asía. – Sjaldgæfur flækingur.
A-Skaft: Kvísker í Örafum, 15.-20. júní ☆ (HB).
 Reynivellir í Suðursveit, 10.-13. júlí ☆ (BA).

Hauksöngvari *Sylvia nisoria*

Mið-Evrópa austur í Mið-Asíu. – Fremur algengur flækingur.
Gull: Þorbjörn, Grindavík, 29. september ☆ (EÓ, GP, KM, PL).

Garðsöngvari *Sylvia borin*

Evrópa og Mið-Asía. – Árviss haustflækingur.
Gull: Há-Bjalli, Vatnsleysuströnd, þrír 26. september ☆ (EÓ, GP, GP, KM).
 Hvalsnes á Miðnesi, 26. september (GP, GP).
 Seltjörn, Njarðvík, 26. september, amk þrír 27. september ☆, amk einn 29. september ☆, 14. október ☆, 30. október (ýmsir).
 Grindavík, 26.-27. september ☆, 17. október ☆, 23. október (ýmsir).
 Þorbjörn, Grindavík, 26. september, amk tveir 27.-29. september, fjórir 2. október

2☆, 9.-14. október, þrír 18. október ☆ (ýmsir).

Arfadalsvík, Grindavík, 17.-18. október (EÓ, GP, KM, KHS).

Fitjar á Miðnesi, fundinn dauður 19. október ☆ (ESI).

Hafnarfjörður, 20. október (EÓ).

Hof í Garði, 30. október til 8. nóvember (EP, GP, KM, KHS, ÓE ofl.).

Hafnir, 7. nóvember ☆(hent) (EÓ, HB, JÓH, KHS).

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, 17. september (BA).

Höfn í Hornafirði, tveir 18.-26. september 2☆ (BA ofl.), einn 27. september ☆ (BA).

Kvísker í Örafum, 27. september og 1. október (HB).

Svínafell í Örafum, 6. október (HB).

Vestm: Heimaey, 11. september ☆, 26. september (SS).

S-Ping: Mánárakki á Tjörnesi, 21. október ☆ (Aðalgeir Egilsson).

Á sjó: Tengur, 12 sjómíflur N af Ólafsfirði, 9. september ☆ (Ari Albertsson).

Hettusöngvari *Sylvia atricapilla*

Evrópa, NV-Afríka og V-Asía. – Mjög algengur haustflækingur.

Eyf: Grímsey, amk þrír karlf 29. september, karlf og tveir ókyngur um miðjan október (Asgeir Rosnes).

Ólafsfjörður, karlf 12. október ☆, kom á skip í mynni Ólafsfjarðar (Ari Albertsson).

Siglufjörður, amk fjórir um 15. október (Órlygur Kristinnsson).

Akureyri, tveir karlf og kvenf 1. nóvember til janúar 1983, karlf og kvenf 30. janúar 1983, karlf til 23. apríl 1983 (Grænamýri 10 og nágr.) (Inga Skarphéðinsdóttir, Jón Tryggvason ofl.), kvenf að auki á sama stað 8.-21. nóvember (GP ofl.), þrír karlf og kvenf (Oddeyrargata), karlf (Byggðavegur) og kvenf (Möðruvallastræti) 1. nóvember (GH).

Sauðanes við Siglufjörð, sex 10. nóvember ☆ (Trausti Magnússon).

Gull: Grindavík, karlf 26. september til 17. október ☆, annar karlf 14.-17. október ☆, kvenf 17. október ☆, tveir karlf og kvenf 18. október, tveir kvenf að auki 23.-30. október (ýmsir).

- Hái-Bjalli, Vatnsleysuströnd, karlf og kvenf 27. september til 4. október (EÓ, KHS ofl.).
- Þorbjörn, Grindavík, karlf 29. september til 12. október, kvenf 29. september (EÓ, GP, KM, KHS, PL ofl.).
- Hafnarfjörður, karlf 2. október (EÓ).
- Seltjörn, Njarðvík, kvenf 9. október (ESII, GP, KIIS, KM, ÓE), karlf 12. október (ESH).
- Þórkötlustaðir, Grindavík, karlf og kvenf 18.-30. október (EÓ, KHS ofl.).
- Hvalsnes á Miðnesi, kvenf 23. október (ESH).
- Hafnir, kvenf 27.-30. október (EÓ, KHS ofl.).
- Hof í Garði, kvenf 7.-8. nóvember (EÓ ofl.).
- Stafnes á Miðnesi, kvenf 7.-8. nóvember (JÓH ofl.).
- Hafurbjarnarstaðir á Miðnesi, kvenf 8. nóvember (EÓ, GP, KM, KHS).
- Mógilsá í Kollafirði, karlf 14. nóvember (Ásta Þorleifsdóttir, EP, JÓH, ÓE).
- A-Hún:* Skagaströnd, fjórir karlf og tveir kvenf 19. október (Hildigunnur Jóhannsdóttir).
- N-Múl:* Húsey í Hróarstungu, amk tíu 28. september, hurfu nokkrum dögum síðar, margir 19. október til byrjun nóvember, hornfir 9. nóvember (Örn Þorleifsson).
- Sturlufjöt í Fljótsdal, tveir 26. október (Björn Björnsson, Einar Axelsson).
- Hrafnkelsstaðir í Fljótsdal, amk sjö 30. október (Björn Björnsson, Einar Axelsson).
- Einarstaðir í Vopnafirði, kvenf 8. nóvember (Grétar Jónsson, Haraldur Jónsson).
- S-Múl:* Djúpigvogur, kvenf 20. október (Óli Björgvinsson).
- Höfðahús í Fáskrúðsfirði, karlf 2. nóvember (PL).
- Eskifjörður, karlf 6. nóvember (PL).
- Rang:* Seljaland undir Eyjafjöllum, karlf í nóvember ☆ (Guðrún Helgadóttir).
- Rvík:* Hofsvallagata, karlf 7. október (ÁE). Tjarnargata, karlf 27.-30. október (GP ofl.).
- Vogar, karlf 17. nóvember til 6. desember (EP ofl.).
- A-Skaft:* Höfn í Hornafirði, karlf 25. september (EP), karlf og kvenf 26. september ☆ (EP, PHB), þrír karlf 27. september 2☆, kvenf 27.-28. september, tveir kvenf 29. september (BA, EP, PHB), kvenf 1.-4. október, karlf 2. október, 11. október og 13. október (EP), amk fjórir kvenf 18. október (BA, EP), karlf 19. október (EP), amk fimm 21. október (BA, PHB), tveir karlf og þrír kvenf 22. október (EÓ, IIB), amk fimm daginn eftir, þrír karlf og fjórir kvenf 25. október (BA, PIIB), karlf 30. október (PL), kvenf 12. nóvember, karlf og kvenf fundnir dauðir 14. nóvember 2☆, kvenf 11. desember (EP).
- Fagurhólsmýri í Örafum, karlf 26. september (Guðjón R. Sigurðsson).
- Kvísker í Örafum, karlf 28. september, karlf 1. október, þrír karlf 3. október, kvenf 4. október, karlf 9.-16. október, amk tólf 18. október ☆, um tíu 19. október, amk átta 20. október 2☆ (HB), ellefu karlf og þrír kvenf 21. október, átta 23. október (EÓ, HB), amk einn 24.-29. október (HB).
- Reynivellir í Suðursveit, karlf 15. október ☆, amk átta 17. október, þrír karlf fundnir dauðir 20. október 3☆, kvenf 4. nóvember ☆, tveir kvenf 5. nóvember 2☆, karlf og kvenf 15. nóvember 2☆, kvenf 16. nóvember ☆ (BA).
- Svínafell í Örafum, 21. október (JP).
- Borg á Mýrum, karlf, kvenf og kvenf að auki fundinn dauður 22. október ☆ (EÓ, HB).
- Kálafellsstaður í Suðursveit, karlf 22. október (EÓ, HB).
- Hof í Örafum, þrír karlf, fjórir kvenf og einn ókyngur 23. október (EÓ, HB).
- Skaftafell í Örafum, karlf 23. október (EÓ, HB).
- Steinadalur í Suðursveit, karlf, þrír kvenf og einn ókyngur 23. október (EÓ, IIB).
- Hvalnes í Lóni, karlf og fjórir kvenf 23. október 2☆ (PL).
- Akurnes í Nesjum, karlf 25. október (PL).
- Efrifjörður í Lóni, karlf 26. nóvember ☆ (Sigurður Eymundsson).
- Vestm:* Heimaey, nokkrir 18. október, karlf og kvenf 21. október 2☆ (SS).
- N-Ping:* Kópasker, kvenf 31. október ☆ (Guðmundur Baldursson).
- S-Ping:* Hallgilsstaðir í Fjóskaðal, 24.-26. september (Tryggvi Stefánsson).
- Húsavík, kvenf 18. október, karlf og kvenf 25. október (Hermann Bárðarson), fimm karlf og ellefu kvenf 30. október, karlf og kvenf 31. október (GH), karlf 2. nóvember

ber (Sigurður Gunnarsson), átta karlf og átta kvenf 12. nóvember, tveir 13.-14. nóvember (GH).

Mánárþakki á Tjörnesi, kvenf 21.-22. október ★, karlf 22.-26. október (Aðalgeir Egilsson).

Á sjó: Nokkrar sjómflur N af Grímsey, tveir 25. september, settust á skip, dóu daginn eftir (Asgeir Rosnes).

4 sjómflur SA af Heimaey, tveir kvenf 18. október 2★ (SS).

Netlusöngvari *Sylvia curruca*

Evrópa til Mið-Asíu. – Allalgengur flæk-
ingur.

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 21. október ★ (EÓ, HB).

Laufsöngvari *Phylloscopus trochilus*

Evrópa og norðanverð Asía. – Algengur haustflæk-
ingur.

Eyf: Ólafsfjörður, 24. maí ★ (Ari Al-
bertsson).

Gull: Þórkötlustaðir, Grindavík, um 25.
ágúst ★ (Jóhanna Sigurðardóttir).

Seltjörn, Njarðvík, tveir 2. október, einn 4.
október ★ (EP, EÓ, GP, KM).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, einn 26. sept-
ember ★ (PHB).

Kvísker í Örafum, tveir 1. október ★, einn
3. október (HB).

Vestm: Heimaey, 18. ágúst ★ (Ingi Sigur-
jónsson, SS).

Gransöngvari *Phylloscopus collybita*

Evrópa og Asía. – Algengur haustflæk-
ingur.

Gull: Þorbjörn, Grindavík, 18. október
(EÓ, KHS).

Seltjörn, Njarðvík, 30. október ★ (EP, GP,
KM, KHS, ÓE).

Hof í Garði, 7. nóvember ★ (EÓ).

Hafnir, 7. nóvember ★ (EÓ, HB, JÓH,
KHS).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, einn 3.-4. októ-
ber ★, einn 17. október, þrír 18. október
2★, sex 19. október 4★, tveir 20. október
2★ (HB), ellefu 21. október 7★, fjórir 23.
október 3★ (EÓ, HB), tveir 25. október,
einn 27. október, tveir 29. október, einn
12. nóvember (HB).

Reynivellir í Suðursveit, einn 20. október
★, tveir 16. nóvember 2★ (BA).

Borg á Mýrum, 22. október (EÓ, HB).

Höfn í Hornafirði, amk þrír 22. október
(EÓ, HB).

Skálafell í Suðursveit, tveir 22. október
(EÓ, HB).

Steinadalur í Suðursveit, 23. október ★
(EÓ, HB).

V-Skaft: Núpsstaður í Fljótshverfi, 24. októ-
ber (EÓ).

S-Þing: Húsavík, nóvember ★ (Sigurður
Gunnarsson).

Ógreindir *Phylloscopus söngvarar*

Í sumum tilvikum er þess getið hvaða tegund
fuglinn var talinn vera.

Eyf: Akureyri, tveir "grans." 22. október
(GH), einn 8. nóvember (GP).

Gull: Fuglavík á Miðnesi, 28. ágúst (KHS),
"grans." 8. nóvember (KM).

Þorbjörn, Grindavík, "laufs." 9. október
(ESH, GP, KM, KHS, ÓE).

N-Múl: Hvannstöð í Borgarfirði, "grans." í
fyrri hluta júlí, "grans." 17. október
(Sveinn Bjarnason).

Húsey í Hróarstungu, einn "laufs." 25. sept-
ember, margir 19.-26. október (Örn Þor-
leifsson).

S-Múl: Búðareyri í Reyðarfirði, 22. október
(PL).

Rvík: Alaska, Breiðholti, "grans." 6.-7. nóv-
ember (ÓE ofl.).

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, "laufs." 7.
og 15. september (BA).

Höfn í Hornafirði, einn annað slagið 8.
september til 11. október, amk þrír

"laufs." 18. september, þrír 26. septem-
ber, amk sex "grans." 21. október (Bene-
dikt Þorsteinsson, BA, EP, PHB), fjórir
25. október, einn 29. október (PL).

Viðborð á Mýrum, 22. október (EÓ, HB).

Stöðvarfjörður, tveir 22. október (PL).

Akurnes í Nesjum, 25. október (PL).

S-Þing: Húsavík, amk fimm seint í október
(Sigurður Gunnarsson), "grans." 30. októ-
ber (GH).

Vestm: Heimaey, amk sex 6.-12. september
(SS).

Grænsöngvari *Phylloscopus sibilatrix*

Evrópa til Úralfjalla. – Fremur sjaldgæfur
flæk-
ingur.

Gull: Arfadalsvík, Grindavík, 17. september
★ (EÓ, KHS).



8.mynd. Hörputittlingur *Zonotrichia albicollis*. Reykjavík, 14. apríl 1982. Ljós. Skarphéðinn Þórisson.

Hnoðrasöngvari *Phylloscopus inornatus*

N- og Mið-Asía. – Fremur sjaldgæfur flæk-
ingur.

Eyf: Básar, Grímsey, fundinn dauður 4.
október ☆ (Alfreð Jónsson).

Glókkullur *Regulus regulus*

Evrópa og slitrótt í Asíu. – Allalgengur flæk-
ingur.

Eyf: Akureyri, karlf 26. október (GH).

Gull: Seltjörn, Njarðvík, 23. október (GP,
KM).

Þorbjörn, Grindavík, tveir 30. október
(EP, GP, KM, KHS, ÓE), einn 7. nóv-
ember ☆ (EÓ, ESII, IIB, JÓH, KHS).

A-Skaft: Kvísker í Örafum, tveir 3. október
☆, einn 19. október ☆, einn 20. október
☆ (HB), fimm 21. október 3☆, þrír 23.
október 3☆ (EÓ, HB), einn 24.-25. októ-
ber ☆ (HB).

Reynivellir í Suðursveit, 22. október (EÓ,
HB).

Skálafell í Suðursveit, 22. október ☆ (EÓ,
HB).

Skaftafell í Örafum, þrír 23. október (EÓ,
HB).

Steinadalur í Suðursveit, tveir 23. október
2☆ (EÓ, IIB).

N-Þing: Þórshöfn, 28. október ☆ (Marta H.
Richter).

S-Þing: Húsavík, tveir um 20. október 2☆
(Kristján Arnarson), amk einn 30. októ-
ber (GH), einn 27. nóvember (Hermann
Bárðarson).

Flekkugrípur *Ficedula hypoleuca*

Evrópa austur í Mið-Asíu og N-Afríka. –
Fremur sjaldgæfur flæk-
ingur hér á landi.

A-Skaft: Kvísker í Örafum, karlf 31. maí til
1. júní (HB).

V-Skaft: Skammadalshóll í Mýrdal, karlf 22.
maí (EHE).

Grágrípur *Muscicapa striata*

N-Afríka og Evrópa austur í Mið-Asíu. –
Allalgengur flæk-
ingur hér á landi.

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, 15. maí ☆
(BA).

Seftittlingur *Emberiza schoeniclus*

Evrópa og Asía. – Fremur sjaldgæfur flæk-
ingur og er talinn hafa orpið hér á landi (Týli
3: 73-74).

A-Skaft: Svínafell í Öræfum, kvenf 9. des-
ember 1981 til 10. janúar (JP ofl.).

Kvísker í Öræfum, karlf 27. maí til 1. júní,
kvenf 3.-4. október (HB).

Sportittlingur *Calcarius lapponicus*

Skandinavía, Íshafslönd Asíu og Ameríku,
V- og SA-Grænland. – Óreglulegur fargestur
hér á landi á leið sinni milli Grænlands og
Evrópu.

Gull: Garðskagi á Miðnesi, tveir 18. sept-
ember (EP, GP, Jón Baldur Hlíðberg,
KM).

Sandgerði, 27.-28. nóvember (ESH).

Á sjó: 3-4 sjómílur V af Patreksfirði, karlf
11. maí ☆ (Ari Albertsson).

Hörputittlingur *Zonotrichia albicollis*

N-Ameríka. – Mjög sjaldgæfur flæk-
ingur hér á landi sem og annars staðar í Evrópu.

Rvík: Holtin, 13.-14. apríl (Sigurður Blöndal

ofl.), 8. og 9. mynd, etv sami fugl og sást
við Langhóltsveg og víðar í nóvember
1981, sjá skýrslu þess árs.

Bókfinka *Fringilla coelebs*

Evrópa, N-Afríka og V-Asía. – Algengur
flæk-
ingur.

A-Skaft: Kvísker í Öræfum, karlf 26. sept-
ember til 25. október (HB ofl.).

Reynivellir í Suðursveit, kvenf 1. nóvember
(BA).

Höfn í Hornafirði, karlf 12.-31. desember
(Benedikt Þorsteinsson, EP).



V-Skaft: Kálfafell í Fljótshverfi, tveir kvenf
24. október (EÓ).

(Í bréfi til Týlis getur Kristinn Pálsson um
bókfinkur á Blönduósi haustið 1982 (Týli 13:
31). Aðspurður taldi hann að eins gæti hafa
verið um fjallafinkur að ræða).

Fjallafinka *Fringilla montifringilla*

N- og NA-Evrópa og norðanverð Asía til
Kyrrahafs. – Algeng vor og haust og hefur
orpið hér nokkur undanfarin ár.

Árn: Laugarás í Biskupstungum, karlf 22.



9.mynd. Hörputittlingur *Zonotrichia albicollis*. Reykjavík, 14. apríl 1982. Ljós-
m. Skarphéðinn Þórisson.

- maí til 1. ágúst, þrjár 28. ágúst, karlf 19. september (ÓE ofl.).
- Selfoss, karlf 20.-22. júní (Óskar Þ. Sigurðsson, Örn Óskarsson), kvenf 27. desember (EP, GP, KHS).
- Þingvellir, karlf 30. júní til 2. júlí (Hjörleifur Einarsson ofl.).
- Stokkseyri, 16. nóvember, flaug inn í hús og sleppt (Ólafur Runólfsson).
- Eyf: Grímsey, karlf fundinn dauður í október ☆ (skv. Sæmundi Traustasyni).
- Gull: Grindavík, kvenf 9. október (ESH, GP, KM, KHS ÓE ofl.), kvenf 18. október, tveir karlf, tveir kvenf og ein ógr 27. október, karlf 30. október ☆ (EÓ, KHS ofl.).
- Staður, Grindavík, karlf 27. október (EÓ, KHS).
- N-Múl: Litli Bakki í Hróarstungu, mars/apríl (Jóhann Gunnarsson).
- Merki á Jökuldal, kvenf 12. maí, amk ein 14. maí (KHIS, SP ofl.).
- Hvannstöð í Borgarfirði, þrettán 17.-18. október (Sveinn Bjarnason).
- Vaðbrekka á Jökuldal, 18.-19. október (Vigfús Hjörtur Jónsson).
- S-Múl: Höfðahús í Fáskrúðsfirði, karlf 2. nóvember ☆ (PL).
- Neskaupstaður, ein 29. maí, átta til tíu fullu um sumarið, amk tvö til þrjú pör urpu, allt að átján fleygir ungar nokkru eftir 18. júlí (Magnús Guðmundsson ofl.).
- Rang: Árgillsstaðir, Hvollr., kvenf 23. apríl (Einar Lúðvíksson).
- Tumastaðir í Fljótshlíð, kvenf 6. júní (EP, GP, JÓH, KHS), ein 11. júlí (Einar Lúðvíksson, KHIS).
- Múlakot í Fljótshlíð, par 6. júní (EP, GP, JÓH, KHS), par og amk tveir nýfleygir ungar 11. júlí (Einar Lúðvíksson, KHS).
- Rvík: Grenimelur, tveir karlf og tveir kvenf 4.-28. mars (Einar Lúðvíksson ofl.), karlf og kvenf 21. nóvember til desember, kvenf 21. desember (Einar Lúðvíksson ofl.).
- Hávallagata, fjórir kvenf 11.-15. mars (GP).
- Ártúnbrekka, karlf um 15. apríl til 16. janúar 1983 (Helga Sveinbjörnsdóttir, Jón Sveinbjörnsson ofl.).
- Skógræktin í Fossvogi, karlf 17. apríl til 11. júní, kvenf 17.-21. apríl, tveir karlf 13.-15. júní, þrír karlf 17. júní, amk tveir karlf og kvenf 19.-20. júní, karlf 21. júní til 8. júlí, par 10.-30. júlí með fjóra nýfleyga unga 10. júlí, þrjá unga 11. júlí og tvo unga 18.-30. júlí, sennilega tveir ungar 6. ágúst (ýmsir).
- Grasagarðurinn í Laugardal, karlf 24. maí til 18. júní (Þorsteinn Einarsson ofl.), karlf og ein ógr að auki 1. júní (EP, ÓE), ein 1. október (KM).
- Langholtsvegur, karlf 31. maí (EP).
- Hljómskálagarður, karlf 11. júní (EP).
- Fossvogskirkjugarður, fjórir karlf 8. desember (EÓ).
- A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, kvenf 7. apríl, þrjú pör 8.-13. maí (BA), kvenf 1. september, kvenf fundinn dauður 14. október ☆ (BA), tveir kvenf 22. október (EÓ, HB), kvenf 1.-4. nóvember, tveir kvenf 5.-9. nóvember, kvenf fundinn dauður 5. nóvember (BA).
- Kvísker í Örafum, karlf 20.-22. maí (HB), kvenf 18.-20. október, sjö 21. október, fjórir kvenf 23. október, fjórir karlf 23.-24. október, ellefu, þar af átta karlf, 25. október, fjórir kvenf 27. október, fjórir 28. október, tíu, þar af fimm karlf, 29. október, tveir 30. október (HB ofl.).
- Skaftafell í Örafum, tveir karlf 17. júní (HB), par 27. júní (BA, EP, ÓE), par og nýfleygur ungi 2. ágúst (Tobias Woldendorp).
- Bæjarstaðaskógur í Örafum, par 17. júní (HB), tvö pör 27. júní (BA, EP, ÓE), fullu og fleygur ungi 3. ágúst (Ray V. Collier).
- Svínafell í Örafum, stakur karlf og par með hreiður (eitt nýorpið egg) 26. júní (BA, EP, HB, ÓE), hreiðri safnað 5. ágúst, bar þess merki að ungar hefðu komist upp (BA) síðan um tíu um 20. október (JP), 25, þar af um 20 karlf, 22. október (EÓ, HB).
- Höfn í Hornafirði, karlf 28. september, tveir karlf 19. október (EP, PHB), tuttugu 21. október, par 22. október, tíu 24. október, karlf 27. október (BA, EP, PHB).
- Kálfafellsstaður í Suðursveit, karlf 22. október (EÓ, HB).
- Skálafell í Suðursveit, kvenf 22. október (EÓ, HB).
- Hali í Suðursveit, kvenf 23. október (EÓ, HB).
- Steinadalur í Suðursveit, kvenf 23. október (EÓ, HB).



10.mynd. Dvergkráka *Corvus monedula*. Hafnarfjörður, 13. nóvember 1982. Ljós. Arnar Helgason.

Hof í Örafum, átta 23. október (EÓ, HB).
Hjarðarnes í Nesjum, 25. október (PL).
Framnes í Nesjum, níu 28. október (PL).
Dynjandi í Nesjum, 29. október og 2. nóvember (PL).

V-Skaft: Skammadalshóll í Mýrdal, tveir karlf og kvenf 20.-24. maí (EHE), kvenf 20. október (EÓ).

Kálfafell í Fljótshverfi, þrettán 24. október (EÓ).

Núpsstaður í Fljótshverfi, tvær 24. október (EÓ).

S-Ping: Kálfaströnd við Mývatn, karlf í Höfða 27. maí (Anders Mosbech, AE), fullbúið hreiður 7. júní, tvö egg 10. júní (A. Teichmann), þrír fleygir ungar við Kálfastrandarbæinn 14. ágúst (AE, KHS).

Arnanes í Kelduhverfi, karlf 16. júlí (Jón Gunnarsson, Sigurður Gunnarsson).

Húsavík, karlf 12.-14. nóvember (GH).

Barrfinka *Carduelis spinus*

Slitrótt í Evrópu og Asíu. – Allalgengur flæk-
ingur hér á landi.

A-Skaft: Kvísker í Örafum, kvenf 14.-17. maí (HB).

Skaftafell í Örafum, karlf um 20. maí (Bragi Þórarinnsson).

Rósafinka *Carpodacus erythrinus*

NA-Evrópa og miðbik Asíu til Kyrrahafs. – Allalgengur flæk-
ingur í V-Evrópu, en sjald-
gæfur hér á landi.

A-Skaft: Svínafell í Örafum, um 15. maí (JP).

Dómpápi *Pyrrhula pyrrhula*

Evrópa og Asía. – Fremur sjaldgæfur flæk-
ingur.

S-Ping: Húsavík, karlf 12.-22. nóvember (GH ofl.).

Gráspör *Passer domesticus*

Upphafleg heimkynni: Evrópa og N-Afríka, en verpur nú víða um heim vegna flutninga af mannavöldum. – Fremur sjaldgæfur flæk-
ingur, en hefur orpið á nokkrum stöðum, m.a. á Borgarfirði eystra frá 1971-1980.

N-Múl: Bakkagerði í Borgarfirði, kvenf allt




2.mynd. Rósastari við bæinn að Skaftafelli í Örfum, 30. júní 1983. – *A Rose-coloured Starling at Skaftafell, SE. Iceland, on 30 June 1983.* Ljós. Hálfán Björnsson.



Á 5. mynd gefur að líta dreifingu þeirra staða, þar sem rósastarar hafa sést hérlandis. Gerður er greinarmunur á gömlum athugunum og þeim frá árinu 1983.

Svo virðist sem rósastarar hafi komið til landsins í talsverðum fjölda sumarið 1983. Athuganir eru dreifðar um norðaustan- og suðaustanvert landið. Má telja líklegt, að rósastarar hafi einnig heimsótt svæðið þarna á milli, þ.e. Austfirði. Vera má, að einhverjir Austfirðingar hafi séð rósastara þetta sumar, en frá þeim hafa þó engar tilkynningar borist.

3.mynd. Rósastari í Grímsey í júlí 1983. – *In July 1983 a Rose-coloured Starling was seen on Grímsey island, north off Iceland.* Ljós. Torgeir Nygård.



4.mynd. Rósastari *Sturnus roseus*. Teikning Jón Baldur Hlíðberg.

Í heimkynnum snæuglunnar

Ritgerð sú, sem hér birtist og skrifuð er af Finni heitnum Guðmundssyni, fannst ekki í skjalasafni Náttúrufræðistofnunar fyrir en árið 1984. Finnur lést árið 1979. Ritgerðina hefur hann skrifað árið 1946 (eða seint á árinu 1945), eins og fram kemur í greininni, en orðið fráhverfur að birta hana. Ritgerðin var greinilega ófullgerð, en með smábreytingum var talið að slíki kæmi ekki verulega að sök. Ástæða þess, að ritgerðin var ekki birt, er líklega sú, að Finnur óttaðist að óprúttir safnarar legðu leið sína í Ódádahraun til þess að ná í fugla og egg. Staðsetninga var líka getið mjög nákvæmlega í handritinu en hér hefur þeim verið sleppt. – *Ævar Petersen.*

Vorið 1932 fóru þeir feðgar Tryggvi Guðnason og Hörður Tryggvason í grenjaleit suður í óbygðir. Í för þessari lögðu þeir feðgar meðal annars leið sína um Ódádahraun og vitjuðu þar um forn-an grenisklett að vanda. Á klettinum fundu þeir geysistört fuglshreiður með fjórum, hvítum, næstum því hnöttóttum eggjum, á stærð við fálkaegg. Einnig sáu þeir stóra, hvíta fugla á sveimi yfir svörtu hrauninu. Komust þeir brátt að þeirri niðurstöðu, að þetta myndu vera snæuglur, og að þær myndu vera eigendur hins dularfulla hreiðurs á klettinum.

Nú segir fátt af uglunum allt til vorsins 1939, en þá fór Egill Tryggvason, ásamt Pétri Þorgeirssyni, suður í Ódádahraun, til þess að leita að ugluhreiðrum. Enskur maður, Sherlock að nafni, hafði ráðið þá til þessarar farar, en hann hafði áður dvalið hér á landi og tekið hinar fögru fálkamyndir, sem margir kannast við [Þær voru m.a. fyrirmynd fálkafrímerkisins sem gefið var út árið 1960. *Æ.P.*]. Sherlock hafði frétt um hreiðurfundinn 1932 og lék nú hugur á að ná myndum af snæuglunum í Ódádahrauni. Kom hann ásamt konu sinni gagnert frá Englandi í þeim tilgangi.

Í för þessari fundu þeir Egill og Pétur snæuglughreiður með þremur ungum í Ódádahrauni. Þetta var hinn 22. júní og voru ungarnir nýskriðnir úr eggjunum. Eftir að þeir komu til byggða voru Sherlock færð þessi tíðindi og kom hann von bráðar ásamt konu sinni og William

Pálssyni, kaupmanni, frá Halldórsstöðum í Laxárdal, sem var fylgdarmaður þeirra og túlkur. Þeir Egill og Pétur fluttu nú Sherlock og fylgdarlið hans suður í Ódádahraun. Héldu þeir síðan til byggða, en Sherlock lá þar við í nokkra daga, ásamt konu sinni og William Pálssyni, og beið eftir tækifæri til þess að mynda ugluna. En það fór á annan veg en til var ætlast, því að uglan var bráðstygg og kom aldrei að hreiðrinu meðan Sherlock dvaldist þar syðra. Mátti William skjóta fugla handa ungunum til þess að halda lífinu í þeim.

Sherlock varð nú að hverfa við svo búið til Englands, en ekki gafst hann upp við fyrirætlanir sínar þrátt fyrir þessa misheppnuðu tilraun. Vorið 1940 sendi hann skeyti á ný og mæltist til þess að leitað yrði enn að snæuglughreiðrum í Ódádahrauni. Í þetta sinn réðust þeir Hörður og Sverrir Tryggvasynir til hreiðurleitarinnar, og bar sú för ríkulagan árangur. Fundu þeir þrjú ugluhreiður. Var aðeins eitt egg í einu hreiðrinu en þrjú og fjögur egg í hinum hreiðrunum. Þegar á átti að herða treystist Sherlock þó eigi til Íslandsferðar.

Eins og kunnugt er er snæuglan há-norrænn fugl. Varpheimkynni hennar eru í Grænlandi, íshafslöndum Norður-Ameríku og Asíu (Síbíríu), norðanverðu Rússlandi og Finnlandi og í fjallendum Svíþjóðar og Noregs. Í eldri ritum um íslenska fugla er snæuglunnar víða getið,

enda er ekki ólítt að hennar verði vart hér á landi, einkum á veturna. Menn hafa þó almennt álitð, að þetta væru flækingar, sem kæmu hingað frá Grænlandi eða Skandinavíu. Sumir hafa þó getið þess til, að hún kynni ef til vill að verpa hér einhvers staðar upp í óbyggðum. Allar eldri upplýsingar um snæugluvarp hér á landi hafa þó annað hvort reynst á misskilningi byggðar, eða eru svo óáreiðanlegar, að ekki er hægt að taka þær gildar. Með fundi snæugluhreiðursins í Ódádahrauni vorið 1932 fengust því fyrst óbyggjandi sannanir fyrir því, að snæuglan hafi orpið hér á landi.

Allt frá því ég fyrst frétti um snæugluvarpið í Ódádahrauni hefur mér leikið mikill hugur á að koma á varpstöðvar uglunnar þar, og fá tækifæri til þess að kynnast nánar útbreiðslu og lífsháttum hennar á þessum slóðum. Af ýmsum ástæðum hefur þó ekkert orðið úr framkvæmdum fyrr en á síðastliðnu vori [1945], en þá ákvað ég að verja sumarleyfi mínu til rannsókna á fuglalífinu í óbyggðum, og hafði Náttúrufræðideild Menningarsjóðs veitt mér styrk til rannsókna. Til fylgdar mér réði ég þá Kára og Egil Tryggvasyni. Auk þess gerðist Jón Gissurarson, kennari í Reykjavík, þátttakandi í förinni, og vorum við því alls fjórir, sem lögðum upp að morgni hins 4. júní síðastliðinn. Höfðum við sjö hesta, þar af tvo undir trússum. Það skal strax tekið fram, að hér verður ekki skýrt frá niðurstöðum af rannsóknarleiðangri þessum í heild, heldur aðeins þeim atriðum, er snerta snæugluna.

Segir nú ekki af ferðum okkar fyrr en að morgni hins 7. júní. Þá var komið dimmviðri með eljagangi, en hafði verið gott veður, hægviðri og sólskin daginn áður. Þótti okkur nú illt í efni, því að einmitt þeim degi höfðum við ákveðið að verja til þess að kanna varpstöðvar snæuglunnar í Ódádahrauni. Við létum þó veðrið engin áhrif hafa á fyrirætlanir okkar, enda réttist úr því þegar á daginn

leið, og um skeið sást jafnvel til sólar.

Pennan dag fórum við hægt yfir og staðnæmdumst víða til þess að svipast um eftir uglum, og auk þess leituðum við rækilega í hrauninu að ugluhreiðrum. Árangur af leitinni varð sá, að alls fundust þrjú hreiður. Í fyrsta hreiðrinu, sem við fundum, voru þrjú egg. Hreiðrið var nálægt miðju hrauni, á ávölum kletti, sem bar lítið eitt yfir aðrar mishæðir hraunsins í kring. Kletturinn var talsvert gróinn að ofan og uxu þar eftirtalдар plöntutegundir: Pursaskegg, sauðvingull, gráviðir, smjörlauf, vegarfi, lambagras, melskriðnablóm, krækilyng, þúfusteinbrjótur, vetrarblóm og holtasóley. Hreiðrið sjálft var stór en grunn skál ofan í jarðveginn, 32 cm að þvermáli og 5 cm á dýpt. Hún var fódruð innan með miklu af mosa og talsverðu af smáum og stórum fjöðrum af fuglinum sjálfum. Í kringum hreiðrið var einnig talsverð fjaðradreif, sem líklega hefur fokið úr því. Á klettinum var auk þess gömul hreiðurskál. Ekki urðum við varir við uglur meðan við dvöldumst við hreiðrið, en er við komum ríðandi upp með hraunbrúninni, sáuð við, úr fjar-ska, snöggvast bregða fyrir uglu á melöldu vestan við hraunið, á móts við hreiðurstaðinn.

Næsta hreiðrið, sem fannst, var á kletti. Í hreiðrinu voru fimm unguð egg. Hreiðurkletturinn var mjög svipaður og í fyrra skiptið, og sama máli gegnir einnig um aðra staðhætti við hreiðrið. Hreiðurskálín var þó mun stærri eða 44 cm að þvermáli og 8 1/2 cm á dýpt. Hún var fódruð innan með visnuðu grasi, mosa og skófum. Í hreiðrinu var enn meira af fjöðrum en í fyrsta hreiðrinu, og í kringum það einnig mikil fjaðradreif. Við hliðina á hreiðrinu var einnig gömul hreiðurskál. Uglan flaug af hreiðrinu er við komum ríðandi og áttum skammt eftir að því. Settist hún á melholt en flaug síðan inn yfir það, og settist á klett austur í hrauninu. Þeir Jón og Kári héldu nú af stað með hestana,

og biðu á meðan, en við Egill földum okkur við hreiðrið. Eftir fimmtán mínútur kom uglan fljúgandi og tyllti sér á hreiðurklettinn, en varð okkar brátt vör. Tók hún þá snögg viðbragð, fleygði sér út af klettinum og flaug á brott, og hvarf brátt sjónum okkar. Aldrei sáum við nema þessa einu uglu við hreiðrið.

Þriðja og síðasta hreiðrið, sem við fundum, var á háum hraunkambi, sem gengur þvert yfir hraunið. Hreiðrið var mjög svipað hreiðrunum, sem lýst hefur verið hér að framan, en þó frábrugðið að því leyti, að hreiðurskálín var aðeins moldarlaut með talsverðu af fjöðrum, en nær engum öðrum hreiðurefnum. Hefur þetta líklega stafað af því, hve lítill gróður var þar í grennd við hreiðrið. Engin gömul hreiðurskál var nálægt þessu hreiðri, og bendir það til þess, að þetta hafi verið nýr varpstaður. Í hreiðrinu voru fimm, unguð egg. Ekki sáum við nema eina uglu við þetta hreiður fremur en við hin hreiðrin.

Sáum við hana fyrst á flögri, þar sem við síðan fundum hreiðrið. Sjást uglurnar yfirleitt greinilega úr allmikilli fjarlægð vegna þess hve hinn hvíti litur þeirra stingur í stúf við svart hraunið. Meðan við dvöldumst við hreiðrið sat uglan skrækjandi á grjóttás.

Snæuglan virtist kunna víðsýni vel og velja sér varpstað með tilliti til þess. Eins og þegar hefur verið tekið fram voru þau þrjú hreiður, sem við fundum, öll á klettum eða öðrum mishæðum í hrauninu, sem báru meira eða minna yfir umhverfið. Svo virðist sem uglan hafi orpið lengi á þessum slóðum, með því að á ferð okkar um hraunið fundum við eigi færri en 25 gömul ugluhreiður auk þeirra þriggja hreiðra, sem egg voru í. Má segja að á flestum eða öllum áberandi klettum í hrauninu hafi verið gömul hreiður. Á klettum þessum var yfirleitt meiri eða minni gróður, og hefur uglan sjálfsagt átt mikinn þátt í vexti hans með því að græða upp umhverfi hreiðranna.



Snæugluungar í hreiðri í Ódáðahrauni sumarið 1939. Ljóssm. J.H. Sherlock.

Að öllum líkindum verpur uglan aldrei tvö ár í röð í sama hreiðrið, en notar í þess stað gömlu hreiðrin til skiptis, eða býr til ný hreiður. Slíkt er vel þekkt fyrirbæri hjá ýmsum fuglategundum, sem ala unga sína í hreiðrinu uns þeir verða fleygir. Er hér um varnarráðstöfun að ræða gegn ýmsum sníkjudýrum, svo sem flóm og lúsum, sem dafna vel í slíkum hreiðrum, og geta háð ungunum mjög í uppvexti þeirra.

Það kann að virðast furðulegt, að þessar varpstöðvar snæuglunnar skuli ekki hafa fundist fyrir en fyrir rúmum áratug [1932], þar sem líkindi eru til að hún hafi orpið þarna mjög lengi. Slíkt er þó í rauninni ekkert undrunarefni þegar tillit er tekið til þess, hve fáförlu er um öræfi landsins um varptíma fuglanna á vorin. Þó að ferðir um óbyggðir landsins hafi aukist mjög á síðari tímum, eru þær þó yfirleitt bundnar við hásumarið, en þá eru allir ungar orðnir fleygir og fuglar búnir að yfirgefa varpstöðvarnar. Sama máli gegnir einnig um ferðir gangnamanna á haustin. Það er því ekki nema eðlilegt að þekking okkar á fuglalífi miðhálandisins sé enn allmjög í molum.

Útungunartími snæuglunnar er talinn vera 32-33 dagar. Samkvæmt því hafa uglurnar í Ódáðahrauni orpið eigi síðar en um eða upp úr miðjum maí á síðastliðnu vori [1945]. Eins og áður hefur verið tekið fram voru egginn í öllum hreiðrunum mikið unguð hinn 7. júní, er ég var þar á ferð. Með tilliti til útungunarstigs eggjanna tel ég líklegt að um 2/3

útungunartímans hafi þá verið liðnir. Erlendis er varptími snæuglunnar frá því um miðjan apríl og í maí í Evrópuheimkynnum hennar og þangað til í júní í íshafslöndunum.

Hin mikla styggð snæuglunnar var mér mikið undrunarefni, því að maður á því ekki að venjast að fuglar séu svo styggir þegar þeir eiga unguð egg. Erlendum heimildum ber þó flestum saman um, að hún sé yfirleitt mjög stygg og vör um sig, bæði um varptímann og utan hans. Norðmenn telja hana þó oft spaka um varptímann og jafnvel áleitna við þá, sem nálgast hreiðrið.

Í erlendum fuglafræðiritum er fullyrt, að kvenuglan annist útungunina ein, en karluglan afli henni fæðu á meðan og haldi vörð við hreiðrið. Ég var áður búinn að skýra frá því, að við hefðum aðeins séð eina uglu við hvert af þeim þremur hreiðrum er við fundum. Lítur því út fyrir að við höfum aðeins séð kvenfuglana, en karlfuglarnir hafi allir verið fjarverandi í fæðuleit.

Í Grænlandi og Skandinavíu eru læmingjar uppáhaldsfæða snæuglunnar, en auk þess lifir hún þar einnig mikið á ýmsum öðrum smáspendýrum, svo sem músum, ungum snæhérum o.fl., og sagt er að hún ráðist jafnvel á nýfædda hreinkálfa. Annar aðallíðurinn í fæðu snæuglunnar eru fuglar, einkum rjúpur, ýmsar anda- og sjófuglategundir o.fl. Sagt er að hún hremmi einnig fiska í ám og vötnum.

FUGLARANNSÓKNIR Á ÍSLANDI

Hér fjallar Kristján Lilliendahl, líffræðingur, um fæðu sjófugla. Það er fjórða árs verkefni hans við Háskóla Íslands, en þar lauk hann B.S. námi haustið 1982. – *Ritnefnd.*


Fæða sjófugla við Ísland

Rannsóknir á fæðu sjófugla hafa með fáum undantekningum verið gerðar á varpstöðvum þeirra, og helst beinst að ungunum. Aftur á móti hefur fæða fullvaxinna fugla utan varptíma lítið verið könnuð.

Haustið 1982 hóf ég rannsókn á fæðu sjófugla hér við land á grunnslóð að vetrarlagi. Um 400 fuglar voru veiddir í Eyjafirði, Faxaflóa og Skjálfanda veturinn 1982-1983 og innihald maga ákvarðað. Einnig voru ýmsar mælingar gerðar á fuglunum og kyn og aldur þeirra athugaður. Verkefnið er unnið við

líffræðiskor Háskóla Íslands undir umsjón Arnþórs Garðarssonar.

Ég hef einkum athugað svartfuglana, álku *Alca torda*, langvíu *Uria aalge* og stuttnefju *Uria lomvia*, en auk þess fyl *Fulmarus glacialis*, ritu *Rissa tridactyla*, teistu *Cepphus grylle* og fleiri fugla. Stofnar þessara fugla eru mjög stórir, frá tugum þúsunda upp í milljónir einstaklinga. Svartfuglarnir (1. mynd) eru dökkir á baki og ljósir á bringu og sækja alla fæðu sína í sjóinn. Þeir kafa eftir fæðunni og komast langvía og stuttnefja trúlega niður á um 70 m dýpi, en álka




1. mynd. Álkur á sjó við Akurey undan Reykjavík í júlí 1984 (fullorðin og ársögmul). Ljós. Arnór P. Sigfússon.

citthvað styttra. Við köfun nota þeir vængina til þess að knýja sig áfram en stýra sér með fótunum. Svartfuglarnir verpa í þverhníptum björgum og fara þaðan til fæðuöflunar, en stærstu byggðirnar eru á vestanverðu landinu. Á veturina eru fuglarnir miklu dreifðari og eru veiddir til matar víða við strendur landsins.

Ég mun bera saman fæðu fuglanna á milli svæða, tímabila og tegunda og athuga hugsanlega samkeppni um fæðu á milli álku og langvíu. Stuttnefjur eru minna á grunnslóð hér við land en hinar tegundirnar. Skyldar tegundir komast oft hjá samkeppni sín á milli með því að éta ekki sömu fæðuna. Ef tegundirnar taka sömu fæðu gætu þær étid hana á mismunandi stöðum eða tímum sólarhringsins, eða að önnur tegundin tæki stærri bráð, t.d. fiska, heldur en hin.

Álkur og langvíur eru oft saman í hópum á sjó að afla fæðu. Talsverður stærðarmunur er á þeim, álka vegur um 750 g að meðaltali en langvía tæp 1100 g. Þetta styður þá hugmynd að einhver munur hljóti að vera á fæðu þessara tegunda. Spurningum um samkeppni verður ekki svarað fyrr en eftir nákvæma úrvinnslu úr fæðusýnunum. Mæla þarf hvort fiskarnir sem tegundirnar éta séu jafnstórir og ákvarða þarf mikilvægi mismunandi fæðugerða.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að aðalfæða langvíu og álku, í Faxaflóa, allan veturinn sé sandsíli *Ammodytes* (2. mynd). Sandsíli eru lítil, 10-20 cm löng, og mjó og finnast umhverfis allt land, einkum þó við suður- og vesturströndina. Þau koma oft í torfum upp undir yfirborð og eru þá fæða fugla og fiska. Einnig voru burstaormar *Nereis* (2. mynd) étnir fyrri hluta vetrar en loðnuseiði *Mallotus villosus* (2. mynd) um áramót og fram á vor. Ofurlítið var um krabbadýr um miðjan vetur. Á athugunarsvæðunum þrem reyndust krabbadýr einkum vera ljósátur *Thysanoessa* (2.



2. mynd. a) Smokkfiskur. b) Síld. c) Loðna. d) Sandsíli. e) Ljósáta. f) Burstaormur.

mynd). Enga stuttnefju veiddi ég í Faxaflóa þennan vetur.

Á Eyjafirði virtust loðnuseiði vera mikilvægasta fæða svartfugla yfir veturinn. Um haustið fundust einnig sandsíli, burstaormar og krabbadýr. Bæði sandsíli og burstaormar hurfu úr fæðunni en hlutur krabbadýranna óx og voru þau aðalfæðan um vorið. Þá hafði reyndar orðið breyting á fuglalífinu þannig að nær allar álkur voru farnar en stuttnefjur komnar í þeirra stað. Stuttnefjur átu meira af krabbadýrum heldur en langví-

ur og álkur. Á Skjálfanda voru einungis athugaðir fuglar frá desember og febrúar. Í desember átu langvíur og álkur aðallega loðnuseiði en í sumum fuglum var talsvert af smásild *Clupea harengus* (2. mynd) og krabbadýr voru í nokkrum mæli. Í lok febrúar voru loðnuseiði sem fyrr aðalfæða langvíu, en stuttnefjur átu krabbadýr. Álkur fengust aðeins í desember og stuttnefjur einungis í lok febrúar.

Fýlar voru veiddir bæði í Faxaflóa og á Eyjafirði en lítil fæða fannst í mögunum. Í flestum voru þó leifar smokkfiska (2. mynd). Einnig fundust leifar burstaorma en krabbadýr voru einungis í fuglum frá Eyjafirði. Mjög algengt var að finna úrgang úr plasti og aðra aðskotahluti í fýlunum.

Ritur átu aðallega sandsíli í Faxaflóa en loðnuseiði í Eyjafirði. Svolítið var af burstaormum og krabbadýrum í mögum þeirra. Plastdrasl fannst líka í nokkrum fuglum.

Teistur veiddust einungis í Eyjafirði og voru krabbadýr aðalfæða þeirra. Leifar af burstaormum fundust í um

helmingi fuglanna og fiskseiði í nokkrum.

Greinilegur munur er á fæðu svartfugla og ritu milli landshluta. Sandsíli eru aðalfæða fuglanna allan veturinn í Faxaflóa. Í Eyjafirði virðist magn sandsíla breytilegt. Þannig voru sandsíli hluti af fæðu fuglanna haustið 1982 en þeirra varð ekki vart um veturinn.

Álkur og langvíur á grunnslóð að vetrarlagi reyndust aðallega vera ungir karlfuglar. Ekki er vitað hvar eldri karlfuglar og kvenfuglar halda sig. Um fæðu þessara tegunda lengra frá landi og á öðrum árstímum er lítið vitað.

Þessi athugun var gerð í einn vetur og á þremur stöðum á landinu. Frekari rannsókna er því augljóslega þörf á fæðu sjófugla.

SUMMARY

A general outline is given of the author's research project. This deals with the food of several seabird species in Icelandic waters, esp. alcids, outside the breeding season.

Kristján Lillendahl, Líffræðistofnun háskólans, Grensásvegi 12, 108 Reykjavík.

FRÁ FUGLAVERNDARFÉLAGI ÍSLANDS

Fræðslufundir Fuglaverndarfélags Íslands veturinn 1983-1984

Síðastliðinn vetur hélt Fuglaverndarfélagið fjóra fræðslufundi. Á einum þeirra sagði Arnþór Garðarson prófessor frá ferð til Nýfundnalands, en hinir þrír voru hver um sig, helgaðir einni ákveðinni fuglategund. Þorsteinn Einarsson sagði frá athugunum sínum á súlunni, sem fóru fram í Vestmannaeyjum fyrir fjórum áratugum, og tveir ungir líffræðingar, Jón Guðmundsson og Ólafur K. Nielsson sögðu frá rannsóknum sem þeir hafa verið að vinna að undanfarin sumur. Jón talaði um æðarfuglinn og athuganir sínar á honum í Æðey í Ísafjarðardjúpi og Ólafur sagði frá fálkarannsóknum sínum á Norð-austurlandi.

Æðarfugl, nytjar og lífshættir (3. nóvember 1983)

Undanfarin sumur hefur Jón Guðmundsson líffræðingur unnið að rannsóknum á æðarfugli í Æðey í Ísafjarðardjúpi. Í erindi sínu fjallaði Jón almennt um lífshætti æðarfuglsins og lýsti dæmigerðu ári í lífi hans. Þar var m.a. stuðst við niðurstöður úr athugunum hans í Æðey og sýndi hann lítskyggnur þaðan. Lýst var samspili hvítmáfs og æðarfugls á veturna og því hvernig fuglinn safnast á varpstæðina á vorin.

Fram kom að egg klekjast út í 60-70% hreiðra og er afráni máfa og hrafnis einkum um að kenna. Blikarnir hverfa fljótlega úr

varpinu og safnast saman í hópa og fella fjaðrir. Fljótlega eftir að ungarnir skriða úr eggji leiðir kollan þá til sjávar. Þegar þangað kemur verða ungar sjálfir að afla sér fæðu, en eitt hlutverk kollunar er að veita skjól gegn ræningjum. Þrátt fyrir vernd kollunnar eru afföll af ungum mjög mikil og einungis lítill hluti þeirra kemst upp. Það nægir þó til að halda stofninum stöðugum enda er æðar-fuglinn langlífur fugl. Á haustin sameinast kollurnar blikunum, en ungarnir halda sig í sérstökum hópum.

Í erindi Jóns kom fram að allt að 14 æðarkóngar, bæði karlfuglar og kvenfuglar, hafa haldið sig í varpinu í Æðey. Ekki er enn vitað til þess að þeir hafi orpið þar.

Í seinni hluta erindis síns fjallaði Jón um nytjar þær sem menn hafa haft af æðarfuglinum, en það eru fáir fuglar sem hafa reynst Íslendingum meiri tekjulind gegnum aldirnar en hann.

Það kom fram að elstu heimildir um útflutning á dún eru frá 1475, en illa fór fyrir þeirri sendingu því Englendingar rændu skipið á leið þess til Björgvinjar.

Vitað er með vissu að um 1700 var farið að hreinsa dún til útflutnings og á síðustu öld var dúntekja orðin mikil búbót þeim bændum, sem höfðu varp á jörð sinni. Því var Æðarræktarfélagið, eða Vargafélagið eins og það var kallað, stofnað árið 1884, en félagið beitti sér fyrir útrýmingu arna og annarra þeirra fugla er talið var að stæðu vexti æðarstofusins fyrir þrifum.

Í lok erindis síns ræddi Jón nokkuð um þau vandkvæði sem eru á því að nota dúntekju sem mælikvarða á stofnstærð æðarfugls. Nefndi hann meðal annars breyttar verkunaraðferðir og breytingu á búskaparháttum og sagði að við varphirðingu þarf fleira fólk en nú er almennt á bæjum. Það er því umhugsunarvert hvort ekki séu til nærtækari skýringar á minnkandi dúntekju en ágangur arna og annarra "vargfugla".

Súlan, drottning Atlantshafsins (5. desember 1983)

Á fundi í Fuglaverndarfélaginu 10. desember 1982, fjallaði Þorsteinn Einarsson um Eldey, en þar er stærsta súlubyggð við Ísland



Frá Æðey. Ljós. Ævar Petersen.

(sjá Blika 1: 48-50). Í þetta sinn var súlan enn á dagskrá hjá Þorsteini, en nú ræddi hann um súlubyggðir og lífshætti súlunnar hér við land.

Í upphafi erindis síns fjallaði Þorsteinn almennt um súluna og ýmis líffræðileg einkenni og ræddi útbreiðslu hennar. Fram kom að henni hefur fjölgað mjög í N-Atlantshafi en hér á landi eru nú 8 súlubyggðir. Alls verpa um 22.000 pör hér við land. Það mun vera um 10% af heildarstofninum.

Þorsteinn ræddi síðan nokkuð nýttar sem menn höfðu haft af súlunni hér áður fyrr en hún var talsvert höfð til matar.


Því næst lýsti hann því hvernig hann dvaldi samfelld í rúman sólarhring í súlubyggð og fylgdist með öllu sem fram fór. Þetta var 5. júlí 1940 í Hellisey í Vestmannaeyjum og er ekki ósennilegt að Þorsteinn hafi verið fyrstur manna til að gera slíkar athuganir á súlum. Var margt fróðlegt sem kom fram og væri æskilegt að eitthvað af því yrði birt á prenti. Meðal þess sem Þorsteinn komst að var að foreldrarnir þekkja ekki

ungana heldur einungis hreiðurstaðinn. Hann víxlaði ungum í hreiðrum en enginn fullorðnu fuglanna varð þess var að þeir væru að mata annan unga en þeirra eigin.

Að lokum ræddi Þorsteinn nokkuð um annað fuglalíf Helliseyjar en þar verpa allar tegundir íslenskra sjófugla utan tvær. Lagði hann til að eyjan yrði gerð að friðlandi. Þess má geta að Náttúruverndarráð hefur nýlega sett eyjuna á náttúru-minjaskrá (Náttúru-minjaskrá, apríl 1984, handrit).

Fuglaskoðun á Nýfundnalandi (24. janúar 1984)

Arnþór Garðarsson prófessor hélt crindi með litskygnum um ferð sem hann fór í júní 1982 til Nýfundnaland og um St Lawrence flóa á austurströnd Kanada. Ferð þessi var farin í boði amerískra umhverfisverndarsamtaka, Atlantic Center for the Environment, sem hafa aðsetur í Ipswich í Massachusetts ríki. Samtök þessi hafa einkum beitt sér á sviði umhverfisfræðslu fyrir almenning og kennara og m.a. látið sig mjög varða vernd-



Nýlegt súluvarp í skógarjaðri á Bonaventure-eyju. Ljósm. Arnþór Garðarsson.

un sjófuglastofna og laxa, svo og menntamálinni á indíána og enskumælandi minnihlutahópa í þeim hluta Labrador-skagans sem tilheyrir Quebec ríki. Aðaltilgangur fararinnar var að taka þátt í ráðstefnu um verndun sjófugla sem haldin var í St Johns á Nýfundnalandi. Jafnframt gafst tækifæri til þess að skoða sjófuglabýggðir, m.a. súluvörpin á Cape St Mary's á Nýfundnalandi og Bonaventure-eyju í sunnanverðu Quebec (sjá mynd), og kynna náttúru og þjóðhátum á þessum slóðum.

Íslenski fálkinn (8. mars 1984)

Á fundinum lýsti Ólafur K. Nielsen líffræðingur rannsóknnum þeim, sem hann hefur stundað undanfarnir þrjú sumur, á lífnaðarháttum íslenska fálkans. Þessar rannsóknir hafa einkum farið fram á Norðausturlandi.

Í síðasta tölublaði Blika gerði Ólafur grein fyrir tilgangi rannsókna og ýmsum niðurstöðum sem nú liggja fyrir (Bliki 2: 62-64). Það er því óþarft að endurtaka það hér.

Þess má þó geta að fram kom, eins og vænta mátti, að rjúpan er langmikilvægasta

fæða fálkans og afkoma hans er mjög háð því hversu mikið er af rjúpu. Hún er stærsti hluti fæðunnar á vorin þegar karrar eru hvítir og því mjög áberandi og eins síðari hluta sumars þegar mikið er af rjúpuungum. Þess á milli, þegar rjúpan er lítt áberandi, sækir fálkinn í aðrar fuglategundir svo sem vaðfugla, endur og sjófugla, einkum lunda.

Ólafur taldi að fálkastofninn væri ekki í bráðri hættu, en á rannsóknarsvæði hans í Þingeyjarsýslum voru 43 pör 1983 og mætti ætla að alls væru 2-300 pör hér á landi.

Fram kom að á næstu tveim sumrum er ætlunin að kanna útbreiðslu fálkans hér á landi og reyna að koma tölu á fjölda varpara. Af því tilefni eru þeir, sem vita um fálkasetur vinsamlegast beðnir að láta Náttúrufræðistofnun Íslands vita. Nauðsynlegt er að hafa sem nákvæmasta skrá yfir þekktu fálkastaði til að auðveldara sé að koma í veg fyrir rán á eggjum eða ungum líkt og átti sér stað síðastliðið vor.

Kjartan Magnússon tók saman

Skúmur missir af bráð

Forvitnilegt atferli fugla, atvik sem menn upplifa sjaldan, geymast lengi í minni. Sigurður Gunnarsson frá Arnanesi í Kelduhverfi segir frá einu slíku atviki í bréfum frá 31. ágúst 1983 og 18. janúar 1984. Hér er frásögn hans endursögð:

Lómshjónið við tjörnina eina norðan við bæinn í Arnanesi urðu sein fyrir með varp. Mun þetta hafa verið um 1950. Einn ungi skreið úr eggjum snemma í ágúst, og var Sigurður þá við engjaheyskap þarna við tjörnina. Hæg norðan gola var og skýjað. Skyndilega steipti skúmur sér niður og greip lómsungann. Virtist Sigurði skúmurinn taka ungann í klærnar fremur en nefið en var ekki alveg viss. Um leið og skúmurinn flaug upp með ungann, tók annar fullorðni lómurinn, sem var nærri, flugið og elti skúminn. Mun skúm-

urinn hafa verið kominn í um 80 m hæð, er lómurinn náði honum og gerði árás. Við þetta sleppti skúmurinn unganum, sem féll niður á vatnið. Mun honum ekki hafa orðið meint af fallinu og orðið fleygur um haustið.

Ekki skal dregið í efa, að Sigurður fari rétt með. Eina sem kemur spáskt fyrir sjónir er, að skúmur hafi tök á að halda unga, þótt lítill sé, í klónum. Hugsanlegt er, að skúmur geti krækt með klónum, sem eru langar, bognar og hvassar. Atburðarásin var hins vegar hröð, og er líklegra, að skúmurinn hafi haldið unganum í nefinu. Þetta er þó ekki meginatriði þessarar sögu, sem er komið hér á framfæri til gamans.

Ævar Petersen

Erlendir fuglarannsóknaleiðangrar árið 1983

Á ári hverju koma erlendir aðilar til fuglarannsókna hingað til lands. Bæði er hér um að ræða einstaklinga sem koma vegna sérstakra afmarkaðra verkefna og leiðangra sem taka fyrir fleiri greinar náttúrufræðinnar í senn.

Um rannsóknir erlendra manna á Íslandi gildir sérstök reglugerð (sjá Stjórnartíðindi B, nr. 107/1968). Þessi reglugerð er byggð á lögum nr. 48/1965 um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands og lögum nr. 64/1965 um rannsóknir á þágu atvinnuveganna.

Samkvæmt reglugerðinni er erlendum mönnum óheimilaðar náttúrurannsóknir hérlandis, nema með leyfi Rannsóknaráðs ríkisins. Þar er einnig kveðið á um, að Rannsóknaráð skuli senda Náttúrufræðistofnun Íslands allar umsóknir á sviðum almennra náttúrurannsókna til umsagnar.

Árið 1983 fengu eftirfarandi útlendingar leyfi til fuglarannsókna á Íslandi:

S. Percival, Englandi: Hann stóð fyrir leiðangri nokkurra stúdenta til að kanna fæðu og fæðunám helsingja í Vestur-Skaftafellssýslu á tímabilinu ágúst/október. Þessi gæsattegund fer um landið vor og haust í stórhópum á leið til og frá varpstöðvum á Austur-Grænlandi.

T.J. Cade, Bandaríkjunum: Hann er skráður fyrir rannsóknum á íslenska fálkanum. Eru rannsóknir ráðgerðar í 5 ár til að kanna vistfræði fálkans. Er fylgst með breytingum sem verða á stofnstærð fálkans með tilliti til aðalfæðu hans, rjúpunnar. Þetta verkefni er fyrst og fremst unnið af Íslendingi, Ólafi Karli Nielsen, og er þetta doktorsverkefni hans við Cornell háskóla. Sumarið 1983 var þriðja sumarið sem Ólafur fékkst við þessar rannsóknir, en nánar var sagt frá verkefninu í Blika 2: 62-64.

A.G. Knox, Englandi: Hann kom til Íslands til að athuga auðnutittlinga. Beindust rannsóknirnar að því að reyna að finna skyld-

leikatengsl íslenskra auðnutittlinga við fugla sömu tegundar í nærliggjandi löndum. Mikill ruglingur hefur verið varðandi skyldleikatengsl íslenskra auðnutittlinga. Hér verður beitt nýjum aðferðum við að meta skyldleika. Þannig eru eggjahvítuefni úr fjöðrum fugla borin saman með rafdráttargreiningu. Auk þess voru notaðar hefðbundnar aðferðir, þ.e. að mæla nef, vængi o.þ.h. Rannsóknirnar fóru fram í maí og júní, í Fnjóskadal og Reykjavík.

E.R. Taylor, Englandi: Hann dvaldi ásamt fimm öðrum stúdentum á Íslandi seinni hluta sumarsins og fram á haust við athuganir á lundum, langvíum og stuttnefjum. Athuganirnar fóru fram í fuglabjarginu í Svalpúfu og Páfubjargi á Snæfellsnesi. Töldu þeir fugla sem héldu sig við varpið á mismunandi tímum sólarhringsins og breytingar milli daga. Einnig voru gerðar nokkrar athuganir á fæðu sömu fuglategunda.

R. Poole, Englandi: Hann var leiðangurstjóri 23 manna hóps frá Brathay Exploration Group. Þessi félagsskapur hefur komið mörgum sinnum til Íslands síðastliðin 25 ár. Hafa þeir einkum stundað athuganir sínar í Öræfasveit og hvað fugla snertir lagt áherslu á merkingar og talningar. Hefur athygli þeirra aðallega beinst að skúmum. Í seinni tíð hefur Brathay-hópurinn gert ýmsar áhugaverðar athuganir, t.d. í Ingólfshöfða þar sem þeir hafa talið og merkt sjófugla. Að þessu sinni dvaldi hópurinn hér í júlí og ágúst, og merktu þeir 390 fugla á þeim tíma, auk ýmissa annarra athugana. Helstu fuglategundir sem þeir merktu, voru stormsvala (225), skúmur (64) og fýll (36). Veiddu þeir margar stormsvölur sem höfðu verið merktar í Ingólfshöfða á liðnum árum. Auk þess veiddust þrjár stormsvölur sem höfðu verið merktar við Bretlandseyjar, en stormsvölur þaðan hafa ekki fundist áður við Ísland.

Ævar Petersen

Álftir með gula hálshringi

Sumarið 1984 voru álftir *Cygnus cygnus* í sárum merktar á tveimur stöðum austanlands. Auk venjulegs stálmerkis á hægri fæti, bera þessir fuglar hring úr harðplasti (PVC) um hálsinn og sams konar hring á vinstra fæti. Hringir þessir eru gulir með svartri áletrun, tveimur bókstöfum sem lesast lóðrétt og eru endurteknir fjórum sinnum hringinn í kring (sjá mynd). Hálshringirnir ættu að vera læsilegir á nokkur hundruð metra færi í góðum sjónauka.

Við Skógalón í Vopnafirði voru merktar á þennan hátt 35 álftir og einn ársgamall dvergsvanur *C. columbianus bewickii* 30. júlí. Tveimur dögum síðar, 1. ágúst, voru 54 álftir merktar með hálshringjum við Álftafjörð cýstra, auk þess sem 11 voru merktar með stálhring eingöngu og 5 sem áður höfðu verið merktar á Bretlandi var sleppt aftur með sömu merkjum.

Álftir hafa tvisvar áður verið merktar með hálshringjum hér á landi, 46 á Mývatni 1980 og 39 í Akraósi á Mýrum vestur 1982. Í bæði skiptin voru notaðir bláir hringir með hvíttri fjögurra stafa áletrun (3 tölustafir, 1 bókstafur). Reynslan sýndi að erfitt var að lesa á þessa hringi vegna þess að stafirnir voru of margir og þétt saman og hvíti liturinn dökknað auk þess fljótt af mýrrauða. Þess vegna var nú reynt að nota aðra liti og færri tákn.

Mývatnsálftirnar sáust víða næsta ár, einkum í Skotlandi en einnig á Írlandi og suður eftir austurströnd Englands á veturna og ein kom fram í Noregi. Einnig sáust þær víða um austanvert Ísland. Akraálftirnar hafa komið fram á Bretlandseyjum og víða vestanlands en einnig ein á Mývatni.

Tilgangurinn með merkingunum 1984 er einkum að kanna nánar hvort veruleg brögð séu að því að íslenskar álftir fari til meginlands Evrópu. Ekki er gert ráð fyrir að



Nýmerktar álftir, skömmu áður en þeim var sleppt. Álftafjörður, S-Múl., 1. ágúst 1984. Ljós. Arnþór Garðarsson.

merkja fleiri álfir á þennan hátt fyrst um sinn, enda valda þessar merkingar töluverðri truflun á fellistöðvum álfarinnar.

Menn geta átt von á að álfir með gulan hálshring sjáist næstu 3-5 árin, einkum á austurhellingi landsins. Þeir sem sjá álfir með hálshring ættu að reyna að lesa á hringinn og skrá hjá sér áletrunina ásamt stað og dagsetningu auk annarra athugasemda ef

cinhverjar eru. Upplýsingum þessum má koma til undirritaðs. Athugendur fá send fréttabréf um ferðir merktu álfanna.

*Arnþór Garðarsson
Líffræðistofnun háskólans
Grensásvegi 12
108 Reykjavík*

Rittfregn

Yvirlit yfir Føroya Fuglar *Føreyjar 1984*

Komin er út ný bók um fuglalíf Færeyja. Hún mun vera fyrsta heildaryfirlitið síðan 1966, þegar út kom bók Anders Holm Joenssens "Fuglene på Færøerne". Það er áhugavert fyrir íslenska fuglaskoðara að fylgjast með því nýjasta sem kemur frá nágrönnum okkar í þessum efnum, ekki síst þar sem íslenskir farfuglar fara þar mikið um.

Bókin, sem er 84 blaðsíður, er á færeysku og ensku, og heitir "Yvirlit yvir Føroya Fuglar" (eða Checklist of Faroese Birds). Höfundar eru Dorete Bloch og Søren Sørensen. Bókin er gefin út í Þórshöfn 1984 af Føroya Skúlabókgarunur í samstarfi við Føroya Fróðskaparfélag en hún var upphaflega prentuð í 31. árgangi Fróðskaparrita 1983.

Bókin inniheldur lista yfir allar fuglategundir sem þekktar eru frá Færeyjum. Áætlaður fjöldi para varpfugla er gefinn upp, svo og tíðni annarra fugla (flækingsfugla), en fyrir þá sjaldséðari þeirra hvar og hvenær þeir sástu, svo og kyn og aldur, ef við á.

Íslendingar kannast vel við mörg færeysku fuglanöfnin, sem sum hver eru hin sömu og notuð eru hérlandis. Sem dæmi má nefna lómur, náthegri, tjaldur, stelkur,

svartbakur, lundi, gulerla, stari, fjallafinka og dómpápi. Okkur þykir hins vegar skjóta skökku við, er færeyingar tala um skógarþröst sem þeir kalla óðinshana!

Tegundalistinn er einnig birtur á ensku. Þá er samantekið yfirlit, þar sem bók- og tölustafir eru notaðir til þess að gera grein fyrir algengni tegundanna, hvort þær verpa og þá hve mörg pör. Heimildaskrána hefði ég gjarnan viljað sjá mun ítarlegri. Í lok bókarinnar eru færeysk og ensk fuglanöfn í stafrófsröð fyrir þá sem ekki eru kunnugir skyldleikaröðun fuglanna sem notuð er í tegundalistanum, svo og fuglanöfnin á dönsku og latínu.

Í heild er bókin greinargott yfirlit, sem gerir mönnum kleift að sjá hvernig fuglalífi Færeyja er háttað. Mun hún væntanlega nýtast betur sem uppsláttarit en til samfelldrar lesningar.

Bókin kostar 64 danskar krónur (rúmlega 200 kr. íslenskar) og er fánlega frá höfundum á Føroya Náttúrugripasavn, Debesartrød, Tórshavn.

Ævar Petersen

CONTENTS

Editorial	1
Christian Hjort:	
Bird observations on Hornstrandir (NW. Iceland) 1982 and 1983	2
Erling Ólafsson:	
A Heron carrying louse flies to Iceland	12
Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson:	
Rare birds in Iceland in 1982	15
Ævar Petersen:	
<i>Sturnus roseus</i> as a vagrant in Iceland	44
Finnur Guðmundsson †:	
On Snowy Owl breeding grounds 40 years ago	50
Ornithological research in Iceland: Food of seabirds off Iceland	54
From the Icelandic Society for the Protection of Birds	56
Miscellaneous notes	59
Foreign ornithological expeditions to Iceland in 1983	62
Request for information	63
Book review	64

EFNI

Frá ritnefnd	1
Christian Hjort: Fuglaathuganir á Hornströndum sumurin 1982 og 1983	2
Erling Ólafsson: Gráhegri ber lúsflugur til Íslands	12
Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson: Sjaldgæfir fuglar á Ísland 1982	15
Ævar Petersen: Rósastari á Íslandi	44
Finnur Guðmundsson †: Í heimkynnum snæuglunnar	50
Fuglarannsóknir á Íslandi: Fæða sjófugla við Ísland	54
Fræðslufundir Fuglaverndarfélags Íslands veturinn 1983-1984	56
Skúmur missir af bráð	59
Snæugla leikur sér að bráð	60
Náttúrufræðistofa Kópavogs	60
Erlendir fuglarannsóknaleiðangrar árið 1983	62
Upplýsinga óskað	63
Ritfregn	64